



Fíflabörnin

Börnin sem spjara sig

Erna María Jónsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fíflabörnin
Börnin sem spjara sig

Erna María Jónsdóttir
151071-3099

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarmaður: Anni G. Haugen

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júni 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Erna María Jónsdóttir 2013

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Fjöldi barna hér á landi elst upp við óæskilegar uppeldisaðstæður og meirihluti þeirra hlýtur vitsmunalegan, félagslegan eða líkamlegan skaða vegna þessa. Í ritgerðinni var reynt að komast að niðurstöðu varðandi hvað það er sem gerir það að verkum að sum börn sem alast upp við slíkar aðstæður hljóta ekki skaða. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi: Hvað er það sem gerir það að verkum að sum börn sem alast upp við mótlæti spjara sig og hver er máttur samfélagsins - hvaða áhrif geta íbúar samfélagsins haft á það hvort börn sem alast upp við mótlæti ná að spjara sig?

Skrifin eru aðallega byggð á erlendum fagbókum, innlendum og erlendum ritrýndum fræðigreinum og tölulegum upplýsingum héðan frá Íslandi. Kynntar eru þær kenningar úr félagsráðgjöf sem þóttu passa best við viðfangsefnið og fjallað um nokkra áhættu- og varnarþætti sem koma fyrir í lífi þessara barna. Auk þessa er fjallað um þær þjargir sem börn sem búa við óæskilegar uppeldisaðstæður geta nýtt sér til að komast hjá eða draga úr skaða.

Helstu niðurstöður eru þær að um samspil erfða og umhverfis sé að ræða en ákveðin skapgerðareinkenni skipta miklu máli í samspili við þætti úr umhverfinu. Seigla og samkennd eru þættir sem nýtast börnum vel til að vinna gegn mótlæti. Seigla er ferli sem er háð samspili ólíkra þátta en samkennd er hugarfar sem hægt að temja sér með ákveðnum aðferðum. Hvað varðar samfélagið er mikilvægt að almenningur og þeir aðilar sem starfa náið með börnum séu meðvitaðir um hvað þeir geta haft mikil áhrif á líðan og framtíð barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður. Nauðsynlegt er að gripið sé strax inn í leiki grunur á því að barn búi við óæskileg skilyrði, en því fyrr sem gripið er inn í því meiri eru líkurnar á að koma í veg fyrir eða draga úr mögulegum skaða. Með utanaðkomandi stuðningi, seiglu og samkennd að vopni eiga þessi börn sér von um bjarta framtíð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli	4
Inngangur	5
1 Fræðileg samantekt	7
1.1 Kenningar	7
1.1.1 Tengslamyndunarkenning Bowlbys	7
1.1.2 Stimplunarkenning Goffmans.....	8
1.1.3 Vistfræðilíkan Bronfenbrenners	9
1.1.4 Snemmtæk íhlutun	11
1.2 Skilgreiningar.....	12
1.2.1 Foreldrahæfni	12
1.2.2 Mótlæti	13
1.2.3 Hvað felst í því að spjara sig?	14
2 Áhættuþættir.....	15
2.1 Áhættuþættir barns	16
2.1.1 Kyn og aldur.....	16
2.1.2 Persónubundnir áhættuþættir	17
2.2 Áhættuþættir foreldra	18
2.2.1 Alkóhólismi.....	18
2.2.2 Geðraskanir foreldra	19
2.3 Áhættuþættir umhverfis.....	20
2.3.1 Fátækt	21
2.3.2 Ofbeldi og vanræksla	22
3 Varnarþættir	26
3.1 Varnarþættir barns	26
3.1.1 Persónuleiki.....	26
3.1.2 Skáldskapur og list	27
3.2 Varnarþættir umhverfis	27
3.2.1 Utanaðkomandi stuðningur	27
3.2.2 Umhverfi, dýr og náttúran	28

4	Bjargir	29
4.1	Seigla	29
4.2	Samkennd.....	31
	Niðurstöður	33
	Umræður	36
	Heimildir	38

Formáli

Ritgerð þessi er skrifuð sem lokaritgerð í BA-námi í Félagsráðgjöf við Háskóla Íslands vorið 2013. Áhugi minn á efninu vaknaði þegar ég las grein í sænsku tímariti um „maskrosbarn“, sem væri þýtt sem fíflabörn á íslensku. Það hugtak er notað í Svíþjóð yfir börn sem alist hafa upp við mótlæti án þess að bugast. Sú vitneskja að fjöldi barna hér á landi býr við misbrest og mótlæti vakti sérstaka löngun hjá mér til að kanna og fjalla um hvað það er sem skilur þessi börn frá hinum sem ekki spjara sig.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Anni G. Haugen lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, fyrir góða samvinnu, góðar og gagnlegar ábendingar sem og stuðning.

Einnig vil ég þakka móður minni fyrir yfirlestur og stuðning og Brynhildi Arthúrsdóttur fyrir ómetanlega hvatningu og stuðning.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka fjölskyldu minni fyrir skilning, stuðning og endalæsa þolinmæði í minn garð á síðastliðnum þremur árum.

Inngangur

Bernskuárin eru mikilvægt tímabil í lífi hvers einstaklings enda myndast þá grunnurinn að framtíðinni. Algengt er að einstaklingar sem eiga við erfiðleika að glíma á fullorðinsárum telji erfiða æsku, eins og til dæmis mótlæti eða misbrest í uppeldi, vera rót vandamála sinna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meiri líkur eru á að börn sem alast upp við slíkar aðstæður hljóti skaða vegna þessa, jafnt vitsmunalegan, félagslegan sem líkamlegan (Bekkhuis, 2012; Daniel, 2006; Mohaupt, 2010; Norman, Byambaa, De, Butchart, Scott og Vos, 2012; Rutter, 2009). Það er þó ekki þannig að öll börn sem alast upp við erfiðar heimilisaðstæður hljóti varanlegan skaða af og það sama á við um einstaklinga sem villst hafa af braut; þeir hafa ekki allir alist upp við mótlæti eða óviðunandi heimilisaðstæður. Í þessari ritgerð verður áherslan lögð á fyrri hópinn, það er börn sem alist hafa upp við óæskilegar heimilisaðstæður og mótlæti en náð að spjara sig. Leitast verður við að svara því hvað það er sem gerir það að verkum að þau þroskast og dafna á eðlilegan hátt.

Umfjöllun í sænsku tímariti um „maskrosbarn“ varð kveikjan að þessari umfjöllun. Orðið kemur frá Svíþjóð og er notað yfir börn sem alast upp við erfiðar aðstæður eða mótlæti án þess að bugast vegna þessa (Maskrosbarn.org, 2012). Víða í heiminum eru til samskonar hugtök yfir þessa hópa. Hér á landi hefur ekki tíðkast að nota ákveðið hugtak yfir þennan hóp en hann er sannarlega til héraendis eins og annarsstaðar í heiminum (Boyd og Bee, 2012; Mohaupt, 2010). Væru þessi hugtök þýdd yfir á íslensku væri útkoman eitthvað í líkingu við „fíflabörn“. Fífill er nafn á harðgerðu illgresi sem vex og dafnar við allar aðstæður, lífvænlegar sem ólífvænlegar, jafnt í hrjúfri mól sem í gegnum malbik. Það sama má í raun segja um „fíflabörn“; þau eru einstaklingar sem á uppvaxtar- og mótunarárum sínum ólust upp við óviðunandi aðstæður en náðu engu að síður að komast í gegnum lífið án þess að hljóta skaða af.

Þar sem fjöldi barna elst upp við mótlæti héraendis er mikilvægt að kanna hvað það er sem gerir það að verkum að sum þeirra ná að komast heil út úr slíkum aðstæðum, í von um að slík athugun geti nýst öðrum börnum í samskonar aðstæðum.

Ritgerðin er heimildaritgerð byggð á ritrýndum fræðigreinum og verður hún tengd við kenningarlegan grunn og starfsvettvang félagsráðgjafa. Fjallað er um áhættuþætti sem geta haft áhrif á einstaklinginn sem og varnarþætti sem veita vernd gegn áhættuþáttum. Auk þess er fjallað um bjargir og hvernig starfsvettvangur félagsráðgjafa getur nýst eintaklingi sem býr

við mótlæti. Við gagnaöflun voru nýttir gagnagrunnar á veraldarvefnum, fagbækur sem og skýrslur opinberra stofnana. Rannsóknarspurningar sem reynt verður að svara eru eftirfarandi:

1. Hvað er það sem gerir það að verkum að sum börn sem alast upp við mótlæti ná að spjara sig?
2. Hver er máttur samfélagsins - hvaða áhrif geta íbúar samfélagsins haft á það hvort börn sem alast upp við mótlæti ná að spjara sig?

Fyrsti kafli er fræðileg samantekt en þar verða kynntar þær þrjár kenningar úr félagsráðgjöf sem eiga best við viðfangsefnið, það er tengslamyndunarkenning Bowlbys, stimplunarkenning Goffmans og vistfræðilíkan Bronfenbrenners. Greint verður frá hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Að auki verða skilgreind hugtökin foreldrahæfni og mótlæti, einnig verður greint frá því hvað fræðimenn telja felast í því að spjara sig.

Annar kafli fjallar um áhættuþætti sem geta stuðlað að óviðunandi uppeldisskilyrðum fyrir börn. Hér verður meðal annars stuðst við rannsóknir Michael Rutters. Í umfjölluninni verða þættirnir flokkaðir sem áhættuþættir barns, áhættuþættir foreldris og áhættuþættir umhverfis.

Þriðji kafli fjallar um varnarþætti, en svo nefnast þeir þættir sem veita börnum vernd gegn mótlæti. Þeir eru flokkaðir sem varnarþáttur barns og varnarþáttur umhverfis. Þessi kafli er meðal annars byggður á rannsóknum Ben Furmans, Michael Ungars og fleiri.

Fjórti kafli fjallar um bjargir sem geta komið að góðum notum gegn mótlæti, seiglu og samkennd. Fjallað verður um niðurstöður rannsókna Michael Ungars, Kristen Neffs, Paul Gilberts og fleiri.

Að lokum eru niðurstöður og umræður þar sem farið verður yfir þær niðurstöður sem fengist hafa með skrifunum og vangaveltur þeim tengdar.

1 Fræðileg samantekt

Í þessum kafla verða tengslamyndunarkenningu Bowlbys, stimplunarkenningu Goffmans og vistfræðilíkani Bronfenbrenners gerð skil. Jafnframt verður greint frá hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar auk þess sem uppeldishlutverkið verður skilgreint og það skoðað út frá stefnu Evrópusambandsins um foreldrahæfni. Þá verður skilgreint hvað átt er við með mótlæti og greint frá því hvað fræðimenn telja felast í því að komast óbagaður út úr mótlæti.

1.1 Kenningar

Félagsráðgjafar nota fjölda kenninga við störf sín og hér á eftir verða þremur kenningum gerð skil sem tengja viðfangsefnið við félagsráðgjöf. Þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi tengsla og tengslamyndunar varðandi það hvernig einstaklingur bregst við mótlæti verður í fyrsta lagi fjallað um tengslamyndunarkenningu Bowlbys (Bekkhús, 2012). Í öðru lagi þótti við hæfi að fjalla um stimplunarkenningu Goffmans til að ítreka hve mikil áhrif samfélagið getur haft á hegðun og líðan íbúa þess (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Í þriðja lagi þótti vistfræðilíkan Bronfenbrenners eiga einkar vel við þar sem það hentar vel til að greina og fá heildarsýn yfir helstu þætti sem hafa áhrif á líf einstaklinga (Swick og Williams, 2006).

1.1.1 Tengslamyndunarkenning Bowlbys

Upphafsmáður kenninga um tengslamyndun (e. attachment theory) var breski geðlæknirinn og sálkönnuðurinn John Bowlby (1907-1990). Á árunum 1950-1970 var aðaláherslan í rannsóknum á mótun og þroska barns lögð á áhrif aðskilnaðar barns við móður á fyrstu æviárunum. Bowlby talaði fyrstur fræðimanna um geðtengsl árið 1951 og taldi hann þau vera lykilatriði varðandi mótun persónuleikans (Bekkhús, 2012). Í starfi sínu fyrir Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, World Health Organization eða WHO, vann hann að rannsókn á börnum sem ólust upp á stofnun. Hluti barnanna hafði aldrei alist upp hjá móður sinni en hinn hlutinn hafði verið hjá móður sinni í upphafi en síðar verið aðskilinn frá henni. Börnin áttu það öll sameiginlegt að þegar þau komust á unglingsárin áttu þau í erfiðleikum með að mynda nán og örugg vinatengsl. Þau börn sem aldrei höfðu alist upp og myndað tengsl við móður sína voru mun verr stödd, bæði vitsmunalega og félagslega, en hin sem höfðu myndað tengsl sem síðar rofnuðu. Fyrir utan að eiga erfitt með myndun tengsla glímdu þau einnig við persónuleikatrúflun, kvíða, þunglyndi og skertan vitsmunapróska (Berk, 2009).

Tengslamyndunarkenning Bowlbys byggir á mikilvægi heilbrigðar tengslamyndunar milli barns og móður eða annars umönnunaraðila á fyrstu æviárum barnsins. Með heilbrigðri tengslamyndun í frumbersku er samkvæmt honum lagður grunnur að heilbrigðri geðheilsu og hæfni barnsins til tengslamyndunar og góðra samskipta barnsins við börn sem og fullorðna síðar á ævinni (Bekkhús, 2012; Berk, 2009; Bowlby, 1988).

Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á mikilvægi frumtengsla á síðari mótun og þroska einstaklingsins. Á það jafnt við um félagslegan, vitsmunalegan og tilfinningalegan þroska (Berk, 2009; Bowlby, 1988).

1.1.2 Stimplunarkenning Goffmans

Í hverju samfélagi gilda óskráðar reglur um hvað telst vera eðlileg hegðun og hvað er litið á sem fráviks hegðun. Stimplunarkenningar voru áberandi í félagsvísindum á árunum 1960-1980, en undir lok áttunda áratugarins sættu kenningarnar mikilli gagnrýni þar sem þær þóttu óljósar og ekki nægilega vel studdar af fyrirliggjandi rannsóknum. Gagnrýnin þótti hinsvegar óvægin. Í kjölfarið hófu fræðimenn að útlista kenningarnar betur en gert var í upphafi (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Erving Goffman setti fram stimplunarkenningu og beindist sjónarmið hans að brennimerkingu fráviks hegðunar (Goffman, 1975). Með kenningu sinni taldi Goffman stimplun eiga sér stað þegar einstaklingur sýnir af sér fráviks hegðun eða annarskonar frávik tengd útliti, lífsstíl eða skoðunum sem kalli á viðbrögð frá samfélaginu. Hafa þau viðbrögð áhrif á bæði samfélagslega stöðu og sjálfsmynd þess sem fyrir stimplun verður. Afleiðingar stimplunar eru í flestum tilvikum neikvæðar fyrir einstaklinginn og kemur það meðal annars fram í skertum tækifærum og neikvæðri sjálfsmynd.

Sjálfsmynd þess sem upplifir stimplun mótast af fordómafullum viðbrögðum samfélagsins gagnvart honum og fer hann að hegða sér í samræmi við það. Sá sem orðið hefur fyrir stimplun á erfitt með að losna við stimpilinn. Það er þó hægt en krefst mikillar vinnu (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Samkvæmt Goffman er einstaklingur sem upplifir stimplun fórnarlamb þess samfélags sem hann tilheyrir (Goffman, 1975). Algengt er að orðrómur, jafnvel ýkjusögur, berist hratt og víða í nærsamfélagi um fráviks hegðun einstaklings. Börn eru einstaklega viðkvæm gagnvart slíku þar sem þau tilheyra yfirleitt staðbundnu nærsamfélagi eins og skóla, íþróttafélagi og tómstundaheimili (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

Goffman hélt því fram að þegar einstaklingur verður fyrir stimplun upplifi hann smán, það er hann upplifi sig sem einskis virði í augum annarra. Vegna þess hve sjálfsmýnd einstaklingsins hlýtur mikinn skaða getur það leitt til þess að hann á í erfiðleikum með að viðhalda félagslegum tengslum. Þeir sem aðhyllast stimplunarkenninguna telja að stimplun leiði af sér stöðugt hegðunarmynstur frávíka. Þeir telja að neikvæðar staðalmyndir sem eru útbreiddar í samfélaginu ýti undir frekari frávikshegðun því einstaklingnum finnst hann vera brennimerktur og upplifir þar að auki smán (Goffman, 1975).

1.1.3 Vistfræðilíkan Bronfenbrenners

Frá því að Bronfenbrenner kom upphaflega fram með vistfræðilíkanið árið 1979 hefur það þróast og tekið nokkrum breytingum. Samkvæmt líkaninu samanstendur félagslegur heimur einstaklingsins af fimm meginkerfum, það er mikro, exo, mezo, makro og chrono. Kerfin vinna saman og hafa mótandi og þroskandi áhrif á einstaklinginn (Swick og Williams, 2006). Með líkaninu sýndi Bronfenbrenner fram á að maðurinn er aðeins hluti af heildinni sem hann tengist.

Líkanið er víðtækt og hefur nýst vel í vinnu tengdri barnavernd og fjölskyldum. Það nær yfir samspil mannsins við öll kerfi samfélagsins og hvaða áhrif samfélagið í heild, sem og hvert kerfi fyrir sig, hefur á þroska og mótun hans. Það eru þó ekki einungis kerfin sem hafa mótandi áhrif á einstaklinginn heldur getur hann einnig haft áhrif á kerfin og samfélagið (Berk, 2009). Þá hefur líkanið hentað vel til að fá yfirsýn yfir þá þætti, jafnt áhættu- sem verndandi þætti, sem hafa áhrif á líf einstaklingsins. Með því að setja þættina inn í mismunandi kerfi líkansins er hægt að fá yfirsýn yfir jafnvægi eða ójafnvægi milli þátta. Vistfræðilíkanið gefur heildarsýn á samspil einstaklings- og umhverfisþátta. Það getur bæði sýnt fram á tengsl einstaklingsins við hin kerfin eða skort á tengslum, innan kerfis eða milli kerfa (Boon, Cottrell, King, Stevenson og Millar, 2012; Swick og Williams, 2006). Þar sem líkanið metur stöðu einstaklingsins út frá þeim aðstæðum sem hann er í hverju sinni (Boon o.fl., 2012) nýtist það jafn vel hvort sem um er að ræða frumbyggja í Afríku eða einstakling búsettan í 101 Reykjavík.

Algengt er að hjá börnum sem alast upp við óæskilegar aðstæður sé rót vandans að finna í mikro-kerfinu. Sem dæmi má nefna alkóhólisma á heimili, sem hefur áhrif á bæði meso- og exo-kerfin (Boon o.fl., 2012; Swick og Williams, 2006). Mikro-kerfið á við um samspil einstaklingsins við hans nánasta umhverfi, eins og fjölskyldu, kennara eða vini, en um

er að ræða gagnvirkt samband (Boon o.fl., 2012; Swick og Williams, 2006). Þetta er sá kjarni sem einstaklingurinn byggir sína fyrstu vitneskju um lífið á. Atburðir, til dæmis ofbeldi, sem eiga sér stað á heimili barnsins geta haft varnaleg áhrif á þroska þess. Með ástríku og góðu sambandi milli barns og fjölskyldu er lagður góður grunnur að framtíðinni og heilbrigðum persónuleikaþroska barnsins (Swick og Williams, 2006).

Meso-kerfið segir til um tengsl og samskipti milli tveggja eða fleiri mikro-kerfa. Sem dæmi má nefna tengsl milli heimilis og skóla. Það snýst að miklu leyti um samskipti og tengslanet innan nærsamfélagsins. Sé meso-kerfið ekki sterkt er hætta á óreiðu (Boon o.fl., 2012; Swick og Williams, 2006).

Exo-kerfið á við um persónur og staði sem einstaklingurinn er ekki í miklum beinum samskiptum við en hafa þrátt fyrir það mikil áhrif á líf hans. Sem dæmi um slíkt má nefna að ef foreldri missir vinnu hefur það að öllum líkindum mikil áhrif á barnið (Boon o.fl., 2012). Kerfið getur þó einnig einkenst af andlegri upplifun sem tengist nánum fjölskyldutengslum og þeim áhrifum sem hún getur haft á einstaklinginn (Swick og Williams, 2006).

Makro-kerfið snýr að stjórnámálum, trúarbrögðum, menningu, lögum, reglum og normum sem einkenna samfélagið sem við búum í. Makro-kerfið sem manneskja býr við hefur áhrif á hvernig hún hegðar sér við ákveðnar aðstæður. Sem dæmi má nefna að í sumum menningarheimum er það samþykkt að foreldrar beiti börn sín líkamlegum refsingum en annarsstaðar er það refsivert samkvæmt lögum. Þarna má ætla að menningin hafi áhrif á hegðun einstaklinga (Boon o.fl., 2012; Swick og Williams, 2006).

Chrono-kerfið snýst um sögulegt samhengi. Það hvernig einstaklingur hegðar sér eða bregst við ákveðnum aðstæðum getur verið háð sögulegu samhengi. Sem dæmi um slíkt má nefna samskipti innan fjölskyldu; ef móðir hefur alist upp við mikinn tilfinningakulda er líklegt að hún komi eins fram við sín eigin börn (Swick og Williams, 2006).

Þar sem vistfræðilíkanið nær yfir samspil einstaklings við öll kerfi samfélagsins hefur það nýst vel í vinnu með fjölskyldum og auðveldað við að valdefla þær með því að skilja bæði styrkleika þeirra og þarfir (Swick og Williams, 2006). Með valdeflingu er átt við að einstaklingurinn er sérfræðingur í eigin lífi og honum er veitt viðeigandi aðstoð til að leysa úr eigin vanda eða hjálp til sjálfshjálpar. Með því er styrkur fjölskyldunnar virtur og virkjaður í hennar þágu, sem leiðir til þess að einstaklingurinn eða fjölskyldan öðlast meiri ábyrgð og stjórn á eigin lífi sem leiðir af sér aukið sjálfstraust (Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir, 2006; Hanna Björg Sigurðardóttir, 2006).

Vistfræðilíkanið fellur vel að heildarsýn í félagsráðgjöf, þar sem heildarsýnin lýtur sömu lögmálum og vistfræðilíkanið, en samkvæmt því er áherslan lögð á heildina og samspil einstaklingsins við umhverfi sitt (Berk, 2009; Boon o.fl., 2012).

1.1.4 Snemmtæk íhlutun

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar miðar að því að gripið sé fljótt inn í leiki grunur á að barn búi við aðstæður sem talið er að geti valdið því skaða eða þegar farið sé að bera á þroskafrávikum hjá barni. Hugmyndafræðin er einnig mikið notuð í vinnu með börnum sem kljást við ýmiskonar fötlun. Snemmtæk íhlutun er miðuð við tímabilið frá fæðingu og fram til sex ára aldurs en leitast er við að hefja íhlutun eins fljótt og mögulegt er. Markmið snemmtækrar íhlutunar er að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barns eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Leitast er við að koma í veg fyrir erfiðleika í þroska og veita aðstandendum barna stuðning. Snemmtæk íhlutun getur nýst jafnt sem forvörn eða til að draga úr eða koma í veg fyrir frekari skaða (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Þar sem kjöraldurinn fyrir snemmtæka íhlutun eru fyrstu sex æviárin eru leikskólar æskilegur vettvangur til að beita hugmyndafræðinni á og nefna má að leikskólar Reykjavíkur hafa innleitt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar í sitt starf (Reykjavíkurborg Leikskólasvið, 2009). Helstu rökin fyrir mikilvægi snemmtækrar íhlutunar eru þau að heilastarfsemi ungra barna er ekki jafn sérhæfð og heilastarfsemi fullorðinna og því er unnt að hafa áhrif á þroskaferlið með beinum eða óbeinum hætti. Sterk tengsl eru milli umhverfisáhrifa og taugaproska auk þess sem örvun á fyrstu árum ævinnar er mikilvæg fyrir allan síðari þroska. Árangur snemmtækrar íhlutunar er að miklu leyti háður þátttöku foreldra og samvinnu fagfólks sem að barninu kemur. Mikilvægt er að íhlutun hefjist um leið og grunur vaknar um þroskafrávik. Vanda ber bæði skipulag og vinnubrögð og gera þarf ráð fyrir heildstæðri þjónustu og markvissum aðgerðum þar sem unnið er með börnin eftir viðurkenndum leiðum (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008).

Snemmtæk íhlutun nýtist vel í starfi með börnum sem greind eru ofvirk eða með athyglisbrest. Með því að grípa snemma inn í og aðstoða börn og unglunga við að ná betri stjórn á einkennum sínum er hægt að draga úr mætti áhættuþáttarins, það er ofvirkni, og þar með er mögulegt að fyrirbyggja eða draga úr skaða. Mikilvægt er að meðhöndla ofangreindar geðraskanir á markvissan hátt um leið og þær greinast og veita barninu hlýju og stuðning (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

1.2 Skilgreiningar

Með uppeldi er grunnur lagður að framtíð einstaklingsins og því er mikilvægt að vandað sé til verka. Þó eru ekki allir færir um að sinna því hlutverki sem skyldi og því reyndist þörf fyrir alþjóðlega stefnumótun varðandi uppeldishlutverkið. Evrópuráðið sendi frá sér stefnumótun árið 2006 sem fjallar um foreldrahæfni en í henni er fjallað um ábyrgð uppalanda sem og samfélagsins í heild. Þegar talað er um að barn alist upp við mótlæti getur verið átt við óviðunandi uppeldisaðstæður, alkóhólisma, veikindi foreldra, jafnt líkamleg sem sálræn, ofbeldi og/eða vanrækslu á heimili eða fátækt. Hér mun hugtökunum foreldrahæfni og mótlæti verða gerð skil, sem og því hvað felst í því að spjara sig.

1.2.1 Foreldrahæfni

Það að verða foreldri og fá nýfætt barn sitt í hendurnar er stórkostleg tilfinning. Því fylgir þó ekki aðeins gleði og ánægja heldur einnig mikil ábyrgð. Hlutverk hinna nýbökuðu foreldra er að bera ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði barnsins og að ala það upp til að það megi verða góður og gildur þegn samfélagsins. Þetta er án efa eitt erfiðasta, kröfuharðasta og mikilvægasta hlutverk sem við flest tökumst á við á lífsleiðinni (Gordon, 1987/2011). Rannsóknir hafa leitt í ljós að slæm foreldrahæfni er sá þáttur sem hefur mest forspárgildi varðandi vitsmunalegan þroska og hegðun barns í framtíðinni (Ungar, 2005). Því er ljóst að gríðarlega mikilvægt er að vel sé staðið að uppeldishlutverkinu.

Evrópuráðið hefur gefið út stefnumótun varðandi foreldrahæfni, uppeldi og ábyrgð. Markmiðið er annarsvegar að hvetja foreldra innan aðildarlanda sambandsins til að temja sér uppeldisaðferðir þar sem hagsmunir barnsins eru ávallt hafðir að leiðarljósi. Hinsvegar er því beint til aðildarlanda að þau styðji foreldra í uppeldishlutverkinu og tryggi góð uppvaxtarskilyrði barna (European Commission, 2012). Foreldrahæfni (e. parenting) leggur áherslu á að foreldrar læri að vinna með börnum sínum, séu bæði gefendur og þiggjendur og virði jafnt eigin heiðarleika og siðgæði sem og barna sinna. Börnin verða að fá að finna að þau eru einnig einstaklingar sem njóta réttar og þeim ber að sýna virðingu og skilning. Í skýrslunni er talað um ákveðnar þarfir sem foreldrum er ætlað að sinna en þær eru grunnmönnum, almennt öryggi, tilfinningahlýja, örvun, leiðsögn og mörk og staðfesta. Í grunnmönnum felst meðal annars að sinna líkamlegum þörfum barnsins og sjá því fyrir fæði, húsaskjóli, fatnaði og heilbrigðisþjónustu. Almennt öryggi á við um að vernda beri barn gegn hættum jafnt innan heimilis sem utan. Með tilfinningahlýju er átt við að tryggja beri barni

tilfinningalegan stuðning og að það upplifi að það sé metið að verðleikum. Örvun snýst um að foreldrar örví vitsmunabroska barna sinna með því að ræða við þau, veita þeim hvatningu og stuðning í því sem þau taka sér fyrir hendur, sem og að sjá þeim fyrir menntun. Hvað leiðsögn og mörk varðar snýst það um að segja barninu til, setja mörk og kenna því hvaða hegðun telst viðeigandi. Staðfesta felur í sér að börnum sé ávallt tryggð hlýja og að þeim sé gefinn kostur á að umgangast þá aðila sem skipta þá mestu máli í lífinu. Auk þessa ber stjórnvöldum að grípa inn í til að vernda barnið sé það vanrækt eða beitt ofbeldi (European Commission, 2012).

Í skýrslunni er þeim tilmælum beint til aðildarríkja að þau setji fram opinbera stefnu sem stuðli að því að efla foreldrahæfni í Evrópu samtímans. Einnig ber stjórnvöldum að styðja foreldra í uppeldinu með því að skapa þeim gott viðurværi og góð uppvaxtarskilyrði fyrir börn. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að íhlutun í frumbersku varðandi þætti eins og heilsugæslu og nám er afar mikilvæg til að sporna við því ferli að fátækt erfist milli kynslóða (European Commission, 2012).

Alþingi Íslands samþykkti þann 11. mars 2013 þingsályktunartillögu varðandi framkvæmdaáætlun í barnavernd hér á landi. Framkvæmdaáætlunin gildir fyrir árið 2013 og fram til sveitarstjórnakosninga árið 2014. Markmiðið með áætluninni er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega og árangursríka aðstoð. Áætlunin snýr að því hvernig velferðarráðuneyti og Barnaverndarstofa eiga að efla barnaverndarstarf hér á landi. Velferðarráðuneytinu ber að vinna að því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til málaflokksins og að tryggja samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti sem sinna málefnum barna. Barnaverndarstofa á að greina úrlausnarefni á málefnasviðinu, fylgjast með þróun mála og leggja reglulega fram tillögur til endurbóta við velferðarráðuneytið, auk þess að taka þátt í framkvæmd þeirra. Lagt er til að Alþingi sjái um eftirfylgni varðandi áætlunina. Velferðarráðuneytinu ber að greina velferðarnefnd Alþingis frá framgangi framkvæmdaáætlunarinnar á undangengnu ári (Þingskjal 1222, 2012-2013).

1.2.2 Mótlæti

Þegar fjallað er um mótlæti getur verið átt við hvers kyns áfall sem barn eða fjölskylda verða fyrir. Má þar nefna óviðunandi uppeldisskilyrði svo sem alkóhólisma, geðræn vandamál foreldra eða annarskonar veikindi, fátækt, ofbeldi eða vanrækslu. Þetta eru allt skilyrði eða

aðstæður sem samkvæmt rannsóknum teljast ekki þroskavænleg fyrir börn og eru líkleg til að valda truflun á þroska og mótun persónuleikans (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004). Um er að ræða hvers kyns reynslu, atburð eða aðstæður sem taldar eru geta ógnað heilbrigðum þroska barnsins (Daniel, 2010). Með þroskavænum uppeldisaðstæðum er átt við að foreldrar sinni tilfinningalegum, líkamlegum, og félagslegum þörfum barna sinna. Umönnun barna er háð því að foreldrar sjái börnum sínum fyrir öruggu húsaskjóli og helstu nauðsynjum. Eins og kom fram hér að ofan geta ýmsar ástæður legið að baki óviðunandi uppeldisaðstæðum. Þar sem slíkar aðstæður geta leitt af sér langvarandi og alvarlegar afleiðingar hjá barni er mikilvægt að gripið sé fljótt til ráðstafana til að koma því til bjargar (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2000).

Samkvæmt skilgreiningu Barnaverndarstofu er talað um misbrest í uppeldi barna þegar um er að ræða alvarlega truflun í foreldrahlutverki, sem jafnframt leiðir til verulegrar truflunar á tengslum foreldra og barns (Barnaverndarstofa, e.d.). Misbrestur í uppeldi getur til að mynda átt við um ofbeldi eða vanrækslu sem barn verður fyrir (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004). Slíkt getur leitt til alvarlegra aðlögunarerfiðleika hjá barni eða afbrigðilegs þroska og haft áhrif á hegðun og getu til náms. Misbrestur á uppeldi barna felur samkvæmt þessu í sér vítaverða, ófullnægjandi eða niðurbjótandi uppeldishætti (Barnaverndarstofa, e.d.). Að auki hafa rannsóknir sýnt fram á að börn sem verða fyrir misbresti í uppeldi á heimili sínu eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi af hálfu aðila utan fjölskyldu (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004).

1.2.3 Hvað felst í því að spjara sig?

Ákveðið viðmið hefur verið sett fram þegar talað er um einstakling sem alist hefur upp við mótlæti en tekist að spjara sig. Það er þó ávallt háð þeim menningarheimi sem við á hverju sinni. Í vestrænum heimi er miðað við að einstaklingur hafi klárað nám eða geti sinnt og haldist í starfi, sé í tengslum við foreldra eða umönnunaraðila, geti myndað og viðhaldið nánnum félagslegum tengslum eða ástarsambandi og sé ekki í óreglu (Boon, 2012; Ungar, 2006).

2 Áhættuþættir

Áhættuþættir eru aðstæður sem geta verið íþyngjandi og hafa neikvæð áhrif á mótun og þroska einstaklingsins. Með öðrum orðum eru þetta þættir sem valda barni skaða. Þeir geta ýmist verið erfðafræðilegir eða tengdir umhverfinu, en algengt er að um samspil beggja þáttargerðanna sé að ræða. Þegar talað er um að áhættuþættir tengist umhverfi getur verið átt við allt frá fjölskyldu barnsins til þess umhverfis og aðstæðna sem barnið býr við (Daniel, 2010; Rutter, 2009). Í slíkum tilvikum eru það oft áhættuþættir tengdir umhverfinu sem ýta undir persónubundna, erfðafræðilega þáttinn (Bekkhús, 2012). Sem dæmi um slíkt má nefna barn sem er viðkvæmt og óframfærið en elst upp við alkóhólisma. Þá telst eðlisfar barnsins vera erfðafræðilegur áhættuþáttur og alkóhólisminn telst umhverfisþáttur. Það að vera viðkvæmur og óframfærinn þarf ekki að hafa nein skaðleg áhrif á mótun og þroska persónuleikans en með tilkomu alkóhólisma aukast líkurnar á að skaði hljóti af.

Eins og fyrr hefur komið fram þarf einn áhættuþáttur ekki að hafa mikil, eða nein, áhrif á líf og þroska barns en því fleiri sem þeir eru og því lengur sem þeir standa yfir því meiri eru líkurnar á að barnið hljóti skaða af, jafnt vitsmunalegan, líkamlegan sem félagslegan (Bekkhús, 2012; Moe, Johnson og Wade, 2007; Mohaupt, 2010; Rutter, 2009). Algengt er að þegar skaði hlýst af sé um samspil fleiri áhættuþátta að ræða. Sumir áhættuþættir eru háðir hver öðrum á meðan aðrir ýta undir áhrif hver annars (Bekkhús, 2012; Rutter, 2009).

Með rannsóknum sínum sýndi Michael Rutter fram á að áhættuþættir hafa margföldunaráhrif, það er einn áhættuþáttur eykur líkur á fleiri þáttum. Sem dæmi má nefna að mikil fátækt leiðir oft af sér vanræsklu. Einnig komst Rutter að þeirri niðurstöðu að því fleiri sem áhættuþættir eru í lífi barns því meiri eru líkurnar á að það hljóti geðrænan sjúkdóm. Taldi hann það vera dæmi um samspil milli erfðafræðilegra og umhverfistengdra áhættuþátta (Rutter, 2009).

Þó svo að einn áhættuþáttur auki líkur á fleiri þáttum eru einnig dæmi um tvo eða fleiri áhættuþætti sem gjarnan haldast í hendur. Sem dæmi um það má nefna alkóhólisma og vanræsklu. Takist að draga úr einum áhættuþætti getur það leitt til þess að áhrif hinna þáttanna minnka í kjölfarið, þó svo að þau hverfi ekki endilega (Bekkhús, 2012; Rutter, 2009). Eins og fyrr sagði er algengt að um samspil tveggja eða fleiri þátta sé að ræða, en undirliggjandi þættir geta einnig haft áhrif á hversu mikil áhrif áhættuþáttur hefur (Bekkhús, 2012).

Samkvæmt langtímarannsókn sem Costello og félagar gerðu í Bandaríkjunum er samband milli fátæktar foreldra og hegðunarvanda barna. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem stóð yfir í rúm sjö ár, leiddu í ljós að fátækt ýtti undir vanrækslu foreldra, sem síðar leiðir af sér hegðunarvandamál. Ástæðan fyrir hegðunarvandinum reyndist því ekki vera fátæktin sem slík heldur vanræksla foreldranna. Þarna er um sampil tveggja umhverfisþátta að ræða. Samkvæmt þessu er ljóst að ef grípa á inn í til að fyrirbyggja mögulegan skaða er mikilvægt að greina nákvæmlega hvaða áhættuþáttur það er sem í raun veldur skaðanum (Costello, Compton, Keeler og Angold, 2003). Með því að draga úr og fækka áhættuþáttum í lífi barns er mögulegt að fyrirbyggja geðræn vandamál (Bekkhús, 2012).

Þeir áhættuþættir sem fjallað verður um hér eru persónulegir áhættuþættir barnsins, áhættuþættir tengdir foreldrum og áhættuþættir tengdir umhverfinu sem barnið lifir í. Sem dæmi um áhættuþætti tengda barninu má nefna kyn og aldur, hegðunarvandamál, sálræn vandamál og félagsleg tengsl. Áhættuþættir tengdir foreldrum geta verið alkóhólismi, geðræn veikindi og atvinnuleysi. Áhættuþættir tengdir umhverfinu geta verið félagsleg staða, fátækt, skilnaður, ofbeldi og vanræksla eða tengsl milli barna og foreldra (Lagerberg og Sundelin, 2000).

2.1 Áhættuþættir barns

Áhættuþættir tengdir barninu geta verið af ýmsum toga, jafnt líffræðilegir, félagslegir sem sálrænir. Þar sem börnum, þá sérstaklega drengjum, sem greind hafa verið ofvirk og með athyglisbrest hefur fjölgað mjög hérlandis á undanförunum árum (Þroska og hegðunarstöð, e.d., 2009) þótti tilefni til að fjalla sérstaklega um áhættuþætti af þessum toga. Fjallað verður um kyn og aldur barns og persónubundna áhættuþætti sem tengjast meðal annars hegðun, greind, þroska og heilsufari barnsins.

2.1.1 Kyn og aldur

Samkvæmt rannsóknnum eru drengir almennt í meiri áhættu en stúlkur og á það jafnt við um slys, ótímabært andlát eða námsörðugleika (Lagerberg og Sundelin, 2000). Þegar kynjamunur var skoðaður varðandi tilkynningar sem bárust barnaverndarnefndum hér á landi árið 2012 kom greinilegur munur í ljós. Stúlkur komu við sögu í meirihluta tilkynninga vegna vanrækslu, kynferðislegs ofbeldis og andlegs ofbeldis, en drengir voru hinsvegar í meirihluta þegar um líkamlegt ofbeldi var að ræða og í miklum meirihluta þegar um áhættuhegðun var að ræða

(Barnaverndarstofa, 2013). Auk þess eru meiri líkur á að drengir sýni af sér ófélagslynda hegðun en stúlkur (Lagerberg og Sundelin, 2000).

Niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar frá árinu 2006 um heilsu og líf skjör grunnskólanema á Vesturlöndum sýndu að drengir á Íslandi eru, í öllum aldurshópum, marktækt líklegri en stúlkur til að lenda í slysum (Þóroddur Bjarnason, 2006). Rannsóknir hafa sýnt fram á að þau börn sem verða fyrir mótlæti í móðurkviði eða á fyrstu fimm æviárunum eru í aukinni hættu á að hljóta varanlegan skaða, jafnt sálrænan sem félagslegan (Lagerberg og Sundelin, 2000; Mohaupt, 2010). Algengt er að börn sem verða fyrir mótlæti í móðurkviði fæðist undir eðlilegri fæðingarþyngd (Zolkoski og Bullock, 2012).

2.1.2 Persónubundnir áhættuþættir

Ákveðin persónuleikaeinkenni hafa verið greind sem áhættuþættir hjá börnum. Má þar meðal annars nefna hegðunarvandkvæði eins og ofvirkni og athyglisbrest, einnig eru börn með þroskaskerðingu og lága greindarvísitölu í aukinni hættu. Þetta eru gjarnan börn sem eiga erfitt með einbeitingu og þrífast illa í skóla og skipulögðu frístundastarfi. Þá eru auknar líkur á að börn með ofvirkni og athyglisbrest greinist með aðrar geðraskanir eins og þunglyndi. Börn sem eiga erfitt með að stjórna skapi sínu eru gjarnan fjarlæg og eiga erfitt með að samhæfa hreyfingar (Lagerberg og Sundelin, 2000; Moe o.fl., 2007). Börn sem eru félagslega einangruð eða kljást við langtíma heilsufarsvanda, jafnt líkamlegan sem sálrænan, eru í aukinni áhættu varðandi ofbeldi og vanrækslu (Moe o.fl., 2007).

Þar sem hegðunarvandamál bitna oft á skólagöngu barna og unglunga er algengt að mál þeirra berist til skólafélagsráðgjafa. Skólafélagsráðgjöf er eitt af mörgum starfssviðum félagsráðgjafar. Hlutverk félagsráðgjafa er að aðstoða skjólstæðinga við að finna lausnir á félagslegum og persónulegum vandamálum sem þeir glíma við, sem og að sporna við félagslegu ranglæti. Í starfi sínu hefur félagsráðgjafinn ávallt heildarsýn að leiðarljósi og veitir hjálp til sjálfshjálpar. Hugmyndafræðin sem heildarsýn byggir á gengur út á að hver einstaklingur sé sérstakur og að meta beri aðstæður hans út frá öllum hliðum, í samhengi við það umhverfi sem hann er í hverju sinni (Lára Björnsdóttir, 2006). Félagsráðgjafar starfa samkvæmt siðareglum félagsráðgjafafélagsins. Þeim ber að koma fram við skjólstæðing af heiðarleika og virðingu og leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust. Í starfi sínu ber félagsráðgjafa ávallt að gæta fyllsta trúnaðar (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

Skólafélagsráðgjafar vinna ávallt út frá heildarsýn og eru tengiliðir skólans við fjölskyldu, samfélag og aðrar þjónustustofnanir sem koma að málum barnanna. Þeir hafa það að markmiði að fjarlægja hindranir, örva félagslegan og tilfinningalegan þroska nemenda. Mikilvægt er að skólafélagsráðgjafar þekki hvað það er sem einkennir börn sem alast upp við mótlæti og talin eru í hættu vegna þessa og séu fljótir að grípa til viðeigandi úrræðna ef þörf er talin á (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2011). Með því að grípa strax inn í og beita snemmtækri íhlutun er hægt að draga úr eða fyrirbyggja mögulegan skaða (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

2.2 Áhættuþættir foreldra

Áhættuþættir tengdir foreldrum geta verið margvíslegir. Sem dæmi má nefna alkóhólisma, veikindi, jafnt líkamleg sem sálræn, og atvinnuleysi. Þar sem fjöldi barna hér á landi elst upp við óreglu foreldra mun verða fjallað um alkóhólisma og geðræn veikindi foreldra.

2.2.1 Alkóhólismi

Það að alast upp hjá foreldri eða foreldrum sem eru í óreglu og eiga við áfengis- eða vímuefnavanda að stríða getur haft miklar og alvarlegar afleiðingar á líf og framtíð barns (Mohaupt, 2010; Moe, Johnson og Wade, 2007). Hér á eftir verður orðið alkóhólismi notað yfir bæði áfengis- og vímuefnavanda.

Oft hefur verið litið á börn alkóhólista sem einsleitan hóp en sú er þó ekki raunin. Þó má segja að þau eigi margt sameiginlegt, en fyrir utan að eiga foreldra sem glíma við sjúkdóminn alkóhólisma eru börnin í aukinni hættu á að eiga við geðræn vandamál að stríða síðar á ævinni (Mohaupt, 2010).

Moe, Johnson og Wade rannsökuðu börn í Bandaríkjunum sem alist höfðu upp við alkóhólisma foreldra. Um var að ræða eigindlega viðtalsrannsókn en tilgangur hennar var að fá sýn barnanna sjálfra á lífinu með sjúkdóm foreldranna. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru börnin í aukinni hættu á að lenda í sporum foreldra sinna síðar á ævinni, sem og í aukinni hættu á að hljóta vitsmuna- eða líkamlegan skaða (Moe o.fl., 2007). Það er þó ekki algilt og fjöldi einstaklinga hefur alist upp við alkóhólisma foreldra án þess að ánetjast áfengi eða vímuefni sjálfur og hefur jafnvel lifað mjög heilbrigðu lífi (Moe o.fl., 2007).

Alkóhólismi og aðrir áhættuþættir fylgjast oft að. Sem dæmi má nefna ofbeldi, atvinnuleysi, vanrækslu og fátækt. Eins og niðurstöður Rutters (2009) sýndu fram á aukast

líkur á að barn hljóti skaða eftir því sem sem áhættuþættirnir eru fleiri. Samkvæmt Mohaupt (2010) eru börn sem upplifa alkóhólisma í móðurkviði eða á fyrstu fimm árum ævinnar í mestri hættu á að hljóta sálrænan skaða (Mohaupt, 2010).

Allir einstaklingar fæðast með ákveðna genasamsetningu sem þeir fá í arf frá foreldrum sínum og sýnt hefur verið fram á að ákveðin gen auka líkur á alkóhólisma. Þar sem ekki allir sem bera þessi ákveðnu gen ánetjast vímuefnum síðar á ævinni er ljóst að genin ein og sér geta þó ekki talist ástæða fyrir alkóhólisma. Rannsóknir hafa sýnt fram á að samspil gena og uppeldis skiptir miklu máli varðandi þróun mála (Bekkhús, 2012; Moe o.fl., 2007). Algengt er að börn foreldra sem glíma við alkóhólisma taki á sig mikla ábyrgð á heimilinu, í mörgum tilfellum mun meiri ábyrgð en þau hafa aldur og þroska til að bera. Sem dæmi má nefna að algengt er að þau beri ábyrgð bæði á sjálfum sér, foreldrum sínum og yngri systkinum, sem og á almennu heimilishaldi (Furman, 2002; Moe o.fl., 2007).

Hvað varðar áhættuþætti í lífi barna, líffræðilega, sálfræðilega og umhverfistengda, telst óregla foreldra einn áhrifamesti þátturinn (Moe o.fl., 2007). Þegar litið er á tölur frá Barnaverndarstofu má sjá að af þeim 7854 tilkynningum sem bárust til barnaverndarnefnda hér á landi á árinu 2012 og vörðuðu vanrækslu reyndust 8,6% barnanna sem áttu í hlut eiga foreldra sem glíma við alkóhólisma (Barnaverndarstofa, 2013). Þessar tölur gefa þó ekki mynd af umfangi alkóhólisma hérlandis þar sem þetta eru einungis þau tilfelli sem berast inn á borð til barnaverndarnefnda. Því er ljóst að fjöldi barna hér á landi býr við þessa miklu áhættu.

2.2.2 Geðraskanir foreldra

Foreldrum sem glíma við geðraskanir og sálræna erfiðleika er hættara við því en öðrum að missa sjónir á tilfinningum og þörfum barna sinna og vanrækja þau. Sem dæmi um algenga geðröskun má nefna þunglyndi, en þunglyndi getur haft áhrif á foreldrahæfni einstaklings. Getur það falist í því að hann á erfitt með að veita barni sínu ástúð og aga, kenna því tilfinningastjórnun og stuðla að félagslegum þroska þess. Algengt er að þunglyndir foreldrar séu óstöðugir í þeim aga og aðhaldi sem ber að veita börnum, auk þess sem þeir eru oft óréttlátir varðandi gagnrýni og geta sýnt börnum sínum fjandsemi og höfnun að tilefnislausu (Gladstone, Boydell og McKeever, 2006).

Börn sem alast upp hjá foreldri eða jafnvel foreldrum með geðraskanir eru í aukinni hættu á að þróa með sér geðræn vandamál, eins og þunglyndi, síðar á ævinni. Í

langtímarannsókn sem þeir Rutter og Quinton stóðu fyrir á börnum sem ólust upp hjá foreldrum með geðraskanir kom í ljós að einn þriðji hluti barnanna þróaði með sér langvarandi, alvarlegar geðraskanir, einn þriðji hluti glímdi tímabundið við geðræn vandamál og einn þriðji hluti virtist ekki hafa hlotið neinn skaða. Með því að veita börnum sem búa við slíkar aðstæður viðeigandi stuðning er ekki aðeins verið að auka lífsgæði þeirra heldur er það einnig fjárhagslegur sparnaður fyrir hið opinbera. Með því er verið að draga úr líkum á því að barnið verði framtíðarskjólstaðingur hins opinbera. Því fyrr sem gripið er inn í því meiri líkur eru á að barnið þroskist eðlilega án þess að skaði hljótist af (Gladstone o.fl., 2006).

Brigid Daniel, prófessor í barnavernd, fjallar einnig um þá miklu áhættu sem fylgir því að barn alist upp hjá foreldri með geðröskun. Samkvæmt honum er barn sem elst upp við geðröskun foreldra í aukinni hættu á að þróa með sér alvarlegar geðraskanir og hljóta skertan vitsmunaproska. Ástæðan fyrir því er sú að skaðinn getur bæði verið erfðafræðilegur og tengdur uppeldi og umhverfi. Algengt er að einstaklingar með geðraskanir standi illa félagslega og getur verið erfitt að greina hvort veldur meiri skaða (Daniel, 2010).

Þá eiga börn foreldra með geðraskanir það sameiginlegt með börnum sem alast upp við alkóhólisma að taka á sig mikla ábyrgð innan heimilis, meiri en þau hafa þroska og aldur til. Er sú mikla ábyrgð talin geta aukið líkur á því að barnið þrói með sér geðröskun síðar á ævinni. Með slíkum hlutverkaskiptum fórnar barnið eigin þörfum til að geta fullnægt þörfum foreldra eða systkina sinna, en það er talið hafa mikil áhrif á þroska barnsins. Oft er talað um að börn sem búa við þessar aðstæður hafi verið rænd æskunni (Gladstone o.fl., 2006).

Starf félagsráðgjafa á heilbrigðissviði snýr ekki aðeins að sjúklingnum sjálfum, heldur starfa þeir oft með fjölskyldum þeirra sem eru með geðraskanir eða glíma við alkóhólisma. Mikilvægt er að þeir séu meðvitaðir um þá áhættu sem það felur í sér fyrir börn að alast upp við slíkt mótlæti, séu vakandi gagnvart einkennum og fljótir að grípa inn í og gera viðeigandi ráðstafanir ef þörf er á. Í starfi sínu beitir félagsráðgjafi virkri hlustun og ber honum ávalt að gæta þess að hagsmunur skjólstaðings séu hafðir að leiðarljósi.

2.3 Áhættuþættir umhverfis

Umhverfið hefur mikil áhrif á líf okkar og getur það til dæmis átt við um aðstæður, félagslega stöðu eða ástand. Hér á eftir verður greint frá þeirri áhættu sem stafar af því að alast upp við fátækt og ofbeldi eða vanrækslu.

2.3.1 Fátækt

Það að alast upp við takmörkuð efnisleg gæði, eða fátækt, telst áhættuþáttur. Börn og ungmenni sem alast upp við slíkar aðstæður eru líklegri en önnur til að glíma við bæði félagsleg, vitsmunaleg og líkamleg vandamál síðar á ævinni (Bekkhús, 2012; Costello o.fl., 2003). Þegar talað er um fátækt er það ávallt háð þeim menningarheimi sem fjallað er um hverju sinni (Moe o.fl., 2007). Í umfjöllun um fátækt er oft miðað við afstæð fátæktarmörk þar sem þeir einstaklingar eru skilgreindir sem fátækir sem eru með tekjur undir ákveðnu hlutfalli af tekjum almennings í landinu. Kallast það lágtekjumörk. Lágtekjumörk eru skilgreind af Evrópusambandinu, í hverju landi fyrir sig, sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Stuðst er við sama viðmið á Íslandi. (Hagstofa Íslands, 2012b).

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands frá árinu 2011 reyndust 13,6% eða rúmlega 40.000 Íslendinga vera fátæk samkvæmt afstæðum fátæktarmörkum eða í hættu á félagslegri einangrun. Til að teljast til þessa hóps þurftu einstaklingar að uppfylla minnst eitt af eftirfarandi skilyrðum: vera undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem atvinnuþátttaka var takmörkuð (Hagstofa Íslands, 2012b). Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands teljast þeir einstaklingar búa við verulegan skort á efnislegum gæðum sem uppfylla að minnsta kosti fjögur af eftirfarandi atriðum: „hafa lent í vanskilum með lán, hafa ekki efni á fríi með fjölskyldunni, hafa ekki efni á kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð annan hvern dag, geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, hafa ekki efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun eða búa á heimilum þar sem atvinnuþátttaka er mjög lítil“ (Hagstofa Íslands, 2012b).

Af ofangreindum 40.000 einstaklingum voru 28,4% einstæðir foreldrar, en einstæðir foreldrar eru í aukinni hættu á að lenda undir lágtekjumörkum. Því er ljóst að fjöldi barna héraendis elst upp við fátækt (Hagstofa Íslands, 2012b). Fjárhagsstaða foreldra getur einnig haft áhrif á möguleika barna til að taka þátt í almennu tómstundastarfi og njóta þeirrar afþreyingar sem í boði er. Því er hættu á að þau fái ekki sömu tækifæri og njóti almennt ekki sömu lífskjara og ríkjandi eru í samfélaginu. Það á þó ekki alltaf við því í sumum tilfellum reyna foreldrar að veita börnum sínum sömu lífskjör og viðgangast í því umhverfi sem þau búa í þrátt fyrir að þau hafi í raun ekki fjármagn til þess, þá jafnvel á kostnað annarra nauðsynja (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012). Auknar líkur eru á að börn sem alast upp við fátækt verði fyrir einelti vegna

stöðu sinnar. Það getur jafnvel verið tengt útliti eða klæðaburði, en það getur haft alvarlegar líkamlegar og sálrænar afleiðingar í för með sér (Moe o.fl., 2007).

Til að reyna að draga úr áhrifum fátæktar og gefa sem flestum börnum möguleika á að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi hafa flest sveitarfélög hér á landi boðið upp á svokallaða frístundastyrki, en þar er um að ræða styrki sem veittir eru til barna á aldrinum sex til átján ára. Sveitarfélagið leggur til ákveðna upphæð, þó misháa eftir sveitarfélögum, sem foreldrar geta nýtt til greiðslu fyrir tómsundastarf fyrir börn sín. Markmiðið með þessum styrkjum var að gefa öllum börnum tækifæri á að taka þátt í uppbyggilegu tómsundastarfi, óháð fjárhag foreldra (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2010).

Að beiðni Velferðarsviðs Reykjavíkur stóðu Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir rannsókn árið 2011 á stöðu barnafjölskyldna í Reykjavík. Í rannsókninni var könnuð staða Reykvíkinga með börn á framfæri sem þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eða eru á atvinnuleysisbótum og svo foreldra sem eru í launuðu starfi. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom meðal annars í ljós að börn foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð eða eru á atvinnuleysisbótum nota síður frístundastyrkinn en börn foreldra sem eru í launuðu starfi (Ásdís Aðalbjörg Arnalds o.fl., 2012). Því er ljóst að í Reykjavík hefur tilætlaður árangur með Frístundastyrk ekki náðst.

Félagsleg einangrun dregur úr líkum á því að einstaklingar nái að vinna sig úr núverandi aðstæðum. Fátækt og ýmiskonar sjúkdómar haldast oft í hendur og á það jafnt við um andlega sem líkamlega sjúkdóma. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meiri líkur eru á að þau börn sem alist hafa upp með foreldrum sem þegið hafa opinberar bætur í lengri tíma verði einnig bótaþegar (Ásdís Aðalbjörg Arnalds o.fl., 2012).

Af tölum frá Hagstofu Íslands má sjá að langtímaatvinnuleysi hefur aukist til muna á undanförunum árum. Árið 2012 höfðu 2800 einstaklingar verið atvinnlausir í eitt ár eða meira en árið 2006 taldi sá hópur aðeins 400 einstaklinga (Hagstofa Íslands, 2012a). Þar sem takmörkuð atvinnuþátttaka er eitt af viðmiðum skilgreiningar á fátækt samkvæmt afstæðum fátækramörkum má áætla að fjölgun hafi átt sér stað í hópi fátækra hér á landi á undanförunum árum (Hagstofa Íslands, 2012b).

2.3.2 Ofbeldi og vanræksla

Sá staður þar sem mest hætta er á að verða fyrir ofbeldi eru heimilin, en heimilisofbeldi hefur aukist í samræmi við aukið ofbeldi í hinum vestræna heimi (Swick og Williams, 2006).

Ofbeldi hefur verið skilgreint sem athöfn sem leiðir af sér eða er líkleg til að valda skaða á líkama eða sál barns. Þegar fjallað er um ofbeldi gagnvart börnum er algengt að það sé flokkað á eftirfarandi hátt: kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, heimilisofbeldi, andlegt ofbeldi og vanræksla (Norman, Byambaa, De og Vos, 2012; Unicef, 2013).

Talað er um líkamlegt ofbeldi foreldra gegn barni sínu þegar um viljandi athöfn er að ræða og hún leiðir til áverka á barni. Því er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort um ætlunarverk sé að ræða eða ekki (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Heimilisofbeldi er litið sérstaklega alvarlegum augum þar sem það veldur ekki einungis líkamlegum áverka heldur einnig sálrænum skaða. Sálræni skaðinn er oft mun alvarlegri en sá líkamlegi og getur haft alvarleg, langvarandi áhrif. Heimilisofbeldi á við um ofbeldi innan veggja heimilis og börnin verða ýmist vitni að ofbeldinu eða verða fyrir því sjálf. Börn í móðurkviði geta einnig hlotið skaða vegna ofbeldis (Swick og Williams, 2006). Flestar skilgreiningar á heimilisofbeldi eiga það sameiginlegt að ofbeldið gegnir stjórnunar- eða kúgunarhlutverki og er stigvaxandi ferli en ekki eitt einangrað atvik. Nauðgun, sífjaspell, barnaklám, kynferðisleg áreitni og vændi eru allt dæmi um kynferðislegt ofbeldi (Norman o.fl., 2012; Unicef, 2013).

Vanræksla er ólík öðrum tegundum ofbeldis að því leyti að um er að ræða skort á athöfn sem leiðir til skaða eða er líklegur til að skaða barnið. Í flestum tilfellum er ekki vanrækt að yfirlögðu ráði. Oft er um að ræða tilvik þar sem foreldrar ráða einhverra hluta vegna ekki við uppeldishlutverkið og hafa misst á því tökin. Þetta athafnaleyfi verður þó að eiga sér síendurtekið stað svo hægt sé að skilgreina það sem vanrækslu (Daniel, 2006; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2000; Unicef, 2013). Vanræksla hefur verið flokkuð nánar eftir því hvers eðlis hún er. Í fyrsta lagi getur verið um líkamlega vanrækslu að ræða, en hún felur í sér vanrækslu á líkamlegum grunnþörfum barnsins. Í öðru lagi getur vanræksla varðandi umsjón og eftirlit ógnað velferð og öryggi barnsins. Þriðja afbrigðið er sálræn eða tilfinningaleg vanræksla en hún getur birst á ýmsan hátt, til dæmis í formi skertrar tengslamyndunar barns við umönnunaraðila, sem aftur er afleiðing þess að umönnunaraðili sinnir ekki tilfinningalegum þörfum barnsins. Að lokum getur vanrækslan tengst námi en þá skortir barn nauðsynlegan stuðning og aðhald frá foreldrum til að geta stundað nám (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Afleiðingar ofbeldis og vanrækslu geta haft langvarandi og djúpstæð áhrif á þann sem fyrir því verður. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á sterk tengsl milli kynferðislegs

ofbeldis og andlegrar vanlíðanar og ýmiskonar áhættuhegðunar hjá polanda, eins og sjálfsskaðandi hegðunar og neyslu vímuefna (Norman o.fl., 2012), og börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru líklegri til að neyta áfengis, vímuefna og reykja daglega (Unicef, 2013). Afleiðingar líkamlegs ofbeldis, andlegs ofbeldis og vanrækslu í æsku geta verið margvíslegar. Má sem dæmi nefna auknar líkur á að einstaklingur þrói með sér sálfræðileg og hegðunarvandamál eins og þunglyndi, alkóhólisma, kvíða og sjálfsskaðandi hegðun. Vanræksla getur einnig haft mikil áhrif á vitsmunalegan, líkamlegan, félagslegan og sálfræðilegan þroska barna. Hætt er við að börn sem alist hafa upp við líkamlega og tilfinningalega vanrækslu þroskist og dafni hægar en önnur börn, eigi í erfiðleikum með tengslamyndun, þrói með sér hegðunarvanda eins og árásargirni, og glími við námsörðugleika (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004; Norman o.fl., 2012). Einnig getur það að búa við heimilisofbeldi valdið börnum mikilli streitu og vanlíðan. Fræðimenn hafa sýnt fram á orsakasamhengi milli þess að alast upp við heimilisofbeldi og áhættuhegðunar barns (Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir, 2010; McGloin og Widom, 2001).

Foreldrar, forráðamenn eða aðrir nákomnir eru algengustu gerendur í ofbeldismálum gegn börnum og eiga brotin sér flest stað innan veggja heimilisins (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004; Unicef, 2013). Þá virðast líkurnar á ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum aukast eftir því sem börn á heimili eru fleiri (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004). Einstaklingar sem hafa verið fórnarlömb ofbeldis í æsku, orðið vitni að heimilisofbeldi eða upplifað skilnað foreldra eru í aukinni hættu á að beita eigin börn ofbeldi síðar á ævinni (Norman o.fl., 2012).

Vegna umfangs, fjölda og alvarlegra afleiðinga fjalla Norman og félagar um ofbeldi gegn börnum sem alvarlega ógn gegn heilsufari mannkyns. Árið 2012 bárust barnaverndarnefndum hérlendis 7854 tilkynningar og af þeim reyndust um 32% vera vegna vanrækslu og um 23% vegna ofbeldis gegn börnum (Barnaverndarstofa, 2012). Samkvæmt nýútkominni skýrslu frá Unicef á Íslandi berast barnaverndarnefndum hér á landi um 3000 tilkynningar árlega varðandi vanrækslu á börnum og flestar þeirra snúa að vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit barna (Unicef, 2013). Þegar litið er á fjölda tilkynninga um ofbeldi gagnvart börnum í löndum þar sem laun eru yfir meðallagi kemur í ljós að árlega verða milli 4% og 16% barna fyrir líkamlegu ofbeldi, og að um 10% barna upplifa vanrækslu eða andlegt ofbeldi (Norman o.fl., 2012).

Ábyrgð félagsráðgjafa sem starfa á vegum barnaverndarnefnda er mikil og brýnt er að

þeir hafi velferð þeirra barna sem þeir sinna ávallt að leiðarljósi. Þeir þurfa að hafa góða þekkingu á líðan og þroska barna, auk þess sem þeir þurfa að þekkja áhrif og einkenni þess að alast upp við mótlæti eins og mikla fátækt, ofbeldi og vanrækslu (Anni G. Haugen 2008).

3 Varnarpættir

Allir þeir þættir sem vernda barn og styrkja gegn áhrifum áhættuþátta kallast varnarpættir. Varnarpáttur dregur úr líkum á skaða, þannig að áhættan er minni þegar varnarpáttur er til staðar, en skaðinn er meiri þegar varnarpáttinn vantar (Lagerberg og Sundelin, 2000). Varnarpáttur er eitthvað sem barnið leitar eftir hjá sjálfu sér eða í umhverfinu til að veita vernd gegn áhættuþáttum (Furman, 2002).

Byrjað var að tala um varnarpætti í sambandi við þroska og mótun persónuleikans fyrir um það bil 50 árum síðan, eða um 1960. Síðan þá hefur sýn manna á tilgang og mikilvægi varnarpátta tekið miklum breytingum (Rutter, 2009).

Mikilvægt er að skoða áhættu- og varnarpætti í samhengi. Spurningin snýst um hvernig barn kemst í gegnum hversdagsleikann, á heimili og í skóla, í flóknu samspili áhættu- og varnarpátta í því umhverfi sem það lifir í (Rutter, 2007).

Í kjölfar aukinna rannsókna á mikilvægi bernskuáranna varðandi vitsmuna- og félagsþroska barna hafa áherslubreytingar átt sér stað. Áður var megináhersla lögð á að greina einungis þá áhættuþætti sem taldir voru ógna þroska barnsins, en nú er meiri áhersla lögð á eiginleika barnsins og varnarpætti sem gera að verkum að það kemst án skaða út úr óæskilegum uppeldisaðstæðum (Ungar, 2008). Áherslan hefur færst frá því neikvæða, það er áhættuþáttum, yfir á það jákvæða eða eiginleika barnsins og verndandi þætti úr umhverfinu (Lagerberg og Sundelin, 2000). Geðlæknirinn Ben Furman tók saman frásagnir rúmlega 300 einstaklinga sem áttu það sameiginlegt að hafa alist upp við mótlæti og erfiða æsku án þess að hljóta skaða af. Hann greindi helstu varnarpætti sem þessir einstaklingar áttu sameiginlegt og töldu að hefðu komið sér til hjálpar (Furman, 2002). Verður nokkurra þeirra getið hér.

3.1 Varnarpættir barns

Flestir einstaklingar hafa ákveðin persónuleika einkenni sem geta við mótlæti virkað sem varnarpættir. Auk þessa er algengt að list og skáldskapur nýtist sem varnarpáttur hjá börnum.

3.1.1 Persónuleiki

Persónuleiki barns getur haft mikil áhrif á hvernig umhverfið bregst við barninu. Til að mynda geta framkoma og hegðun barns verið mikilvægir verndarpættir. Barn sem er jákvætt að

eðlisfari og glaðlynt á auðvelt með tengsl, samvinnu og umgengni við aðra og er því líklegri til að komast skaðlaust frá mótlæti. Sýnt hefur verið fram á að jákvætt hugarfar og bros geta reynst börnum sem búa við mótlæti vel; þetta eru gjarnan börn sem þykja viðkunnanleg (Boon o.fl., 2012). Önnur sameiginleg persónueinkenni þessara barna eru félagslyndi, þrjúska, ákveðni og viljastyrkur. Þau halda gjarnan í vonina og horfa á hlutina út frá lausnum. Í niðurstöðum rannsóknar Ben Furmans kemur fram að kímni og jákvæðni, það að tileinka sér að líta frekar á björtu hliðarnar en þær dökku, veitir börnum sem búa við mótlæti mikinn meðbyr (Furman, 2002).

Auk þessa hefur greind barns mikið að segja varðandi þróun mála, en barn sem mælist með greind undir meðallagi er í meiri hættu á að hljóta skaða en börn með meðal- eða háa greind (Boyd og Bee, 2012).

3.1.2 Skáldskapur og list

Mikilvægt er að barnið geti tjáð sig um upplifun og tilfinningar sínar, en í þessu samhengi hentar sumum að skrifa á meðan öðrum gagnast betur að tala við einhvern sem þau treysta. Það að fá útrás með skrifum getur ýmist falið í sér dagbókar-, ljóða- eða skáldskaparskrif. Einnig er það þekkt að börn jafnt sem fullorðnir geta fengið útrás fyrir tilfinningar sínar í gegnum listsköpun. Má þar nefna sem dæmi málalag, leiklist, tónlist, listdans og hönnun. Með þessu tjáningarformi ná þau oft að fá útrás og losa um tilfinningar (Furman, 2002). Margir af frægustu listamönnum heims, til dæmis Vincent van Gogh, hafa glímt við ýmiskonar geðraskanir og notað listina sem sitt helsta tjáningarform (Blumer, 2002) og þekkt er að leikarar sem átt höfðu erfiða æsku tileinkuðu sér að flýja á vit ævintýra. Mögulegt er að þar hafi þjálfun þeirra fyrir leiksviðið hafist (Furman, 2002).

3.2 Varnarþættir umhverfis

Varnarþættir úr umhverfinu geta verið margvíslegir. Það geta ýmist verið einstaklingar úr umhverfi barnsins, dýr, náttúran eða aðrir þættir úr umhverfinu sjálfu.

3.2.1 Utanaðkomandi stuðningur

Í ofangreindri rannsókn Furmans kemur fram að flest börnin höfðu í æsku myndað tengsl og fengið styrk, ást og umhyggju frá einstaklingum utan kjarnafjölskyldunnar og töldu þau það hafa skipt sköpum fyrir þróun mála (Furman, 2002). Þessir einstaklingar gátu til að mynda verið frænka, amma, kennari, nágrenni, námsráðgjafi, foreldrar vina eða þjálfari (Furman,

2002; Zolkoski og Bullock, 2012). Viðmælendur Furmans voru sammála um að traust, virðing og skilningur á líðan þeirra skiptu miklu máli í þeim tengslum sem mynduðust (Furman, 2002; Moe o.fl., 2007). Viðkomandi einstaklingar gegna mikilvægu hlutverki í lífi barnanna og þar virtist sálrænn stuðningur skipta mestu máli (Furman, 2002).

Þó svo að mótlætið sé yfirleitt tengt foreldrunum á einn eða annan hátt hafa rannsóknir sýnt fram á að foreldrum geta einnig fylgt ákveðnir varnarþættir. Má þar nefna hjúskaparstöðu foreldra, stöðuga atvinnuþátttöku og samskipti foreldra og barns (Zolkoski og Bullock, 2012). Samkvæmt Bekkhus reyndist það vera verndandi þáttur þegar foreldrar búa saman og feðurnir taka virkan þátt í uppeldi barna sinna. Séu feðurnir hinsvegar félagslega einangraðir telst þátttaka þeirra í uppeldi barnanna sem áhættuþáttur (Bekkhus, 2012).

Að sama skapi gegna vinir mikilvægu hlutverki í lífi barnanna en þeir hafa mikil áhrif þegar sjálfsmynd barna og unglunga er að myndast, auk þess sem þeir geta verið stoð þegar vandamál steðja að (Furman, 2002).

Það að standa sig vel á einhverju sviði hefur verið nefnt sem verndandi þáttur sem styrkir sjálfsmynd barna og hvetur þau áfram. Sem dæmi um slíkt má nefna velgengni í námi, íþróttum, tónlist eða annarskonar tómstundum. Börn sem taka þátt í íþróttum geta með þátttökunni fengið útrás fyrir andlega vanlíðan, auk þess sem íþróttaiðkunin fær þau til að hugsa um eitthvað annað en ástandið heima fyrir. Einnig er algengt að börnin fái stuðning, hrós og traust frá þjálfara eða kennara (Furman, 2002).

3.2.2 Umhverfi, dýr og náttúran

Samkvæmt þeim einstaklingum sem Furman byggir greiningu sína á er algengt að börn sem alast upp við erfiðleika á heimili myndi nán tengsl við húsdýr. Í slíku sambandi er um að ræða skilyrðislausu ást. Börnin geta talað við dýrið, faðmað og leikið við það, en þetta eru jafnvel athafnir sem þau njóta aldrei með foreldrum sínum. Einnig er algengt að börn leiti í náttúruna eftir friði, en þar gefst þeim kostur á að upplifa bæði ró og gleði á eigin forsendum (Furman, 2002).

4 Bjargir

Með auknum rannsóknum á aðstæðum barna og því hvaða áhrif það hefur á börn að alast upp við mótlæti urðu ákveðnar áherslubreytingar á árunum 1970-1980. Í stað þess að einblína á áhættuþætti og samspil áhættu- og varnarþátta, eins og tíðkast hafði, var farið að leggja aukna áherslu á bjargir (Lagerberg og Sundelin, 2000; Ungar, 2006).

4.1 Seigla

Þegar farið var að leggja aukna áherslu á bjargir í stað áhættuþátta fór að bera á hugtakinu seiglu (e. resilience), en notkun á því má rekja allt til ársins 1970 (Lagerberg og Sundelin, 2000). Rannsóknir á seiglu hófust um 1980 og til að byrja með voru rannsóknir þeirra Rutters, Werners og Garmezys mest áberandi. Ein frægasta rannsóknin er rannsókn Werners og Smiths frá árinu 1992 (Liebenberg, Ungar og Van de Vijver, 2012). Um var að ræða langtímarannsókn á börnum frá eyjunni Kauai við Hawaii. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort umhverfisaðstæður hefðu eins áhrif á öll börnin. Börnin sem tóku þátt í rannsókninni ólust upp við mikla fátækt og á heimilum sem einkenndust af óstöðugleika. Niðurstöður gáfu til kynna að fleira en umhverfið hefði áhrif þar. Einn þriðji hluti barnanna þroskaðist eðlilega og virtist ekki hafa hlotið skaða vegna aðstæðna, en tveir þriðju hlutar glímdu við alvarleg geðræn, félagsleg og líkamleg vandamál (Boyd og Bee, 2012; Daniel, 2010, Liebenberg, o.fl., 2012).

Fjallað hefur verið um seiglu annað hvort sem æskilega útkomu eða sem ákveðið ferli sem leiðir af sér æskilega útkomu (Boon o.fl., 2012). Hér mun verða fjallað um hið síðarnefnda. Fræðimenn hafa ekki komist að samkomulagi um eina sameiginlega skilgreiningu á hugtakinu seiglu en þeir eru þó sammála um að seigla sé ferli sem felst í getu einstaklings sem upplifað hefur mikið álag eða mótlæti til að komast af án teljandi skaða á vitsmunum. Hugtakið á því við þegar einstaklingur sem upplifað hefur mótlæti kemur vitsmunalega sterkari út úr aðstæðum en við mátti búast (Daniel, 2006; Liebenberg, Ungar og Van de Vijver, 2012; Rutter, 2009; Ungar, 2008).

Samkvæmt félagsráðgjafanum Michael Ungar, sem undanfarin ár hefur lagt mikla áherslu á rannsóknir á seiglu, er seigla hvorki stöðugt ástand né meðfæddur eiginleiki heldur ferli sem á ekki aðeins við um ákveðin persónueinkenni heldur er flókið samspil milli einstaklingsbundinna þátta og ytri aðstæðna sem hjálpar einstaklingum að sigrast á mótlæti

og miklu álagi. Seigla er samkvæmt Ungar alltaf háð samhengi milli einstaklings og ytri aðstæðna (Liebenberg o.fl., 2012; Ungar, 2008) og hvernig seigla þróast er háð einstaklingnum, umhverfinu sem hann lifir í og fyrri reynslu (Boon o.fl., 2012). Þó svo að einstaklingur sem upplifað hefur mótlæti nái að sigrast á því með seiglu er ekki sjálfgefið að seigla komi honum að gagni við annarskonar mótlæti (Rutter, 2007). Seigla er ferli sem getur verið breytilegt yfir tíma (Boon o.fl., 2012).

Þegar fjallað er um einstaklingsbundna þætti sem stuðla að seiglu er átt við vitsmunatengda þætti eins og gáfnafar, lífsvilja, þrjúsku, jákvæðni, kímni og sjálfstraust. Einnig eru heilsufar, félagslyndi, skapandi hugsun og lausnamiðað hugarfar mikilvægir þættir sem stuðla að seiglu. Ytri þættir geta átt við um allt í umhverfi okkar, en í tengslum við seiglu má nefna sem dæmi tengslamyndun, samskipti við fjölskyldu og vini, félagslegan stuðning, möguleika einstaklingsins til að eiga samskipti og taka þátt í því sem samfélagið hefur upp á að bjóða, og aðgengi að þeim úrræðum og möguleikum sem í boði eru í samfélaginu eins og námi, tómstundum, heilsugæslu og félagsþjónustu (Boon o.fl., 2012; Liebenberg o.fl., 2012, Ungar, 2008).

Ungar vann í samstarfi við félag sína að hönnun á alþjóðlegum mælikvarða, CYRM-28, sem nota átti til að mæla hvað það væri sem leiddi til seiglu. Komust þeir að þeirri niðurstöðu að það væru helst þrjú þættir sem ýttu undir seiglu; persónuleiki, tengslamyndun og samfélagslegar bjargarir. Af þessum þáttum var persónuleikabátturinn mikilvægastur á meðan tengslamyndun og samfélagslegar bjargarir vógu svipað (Liebenberg o.fl., 2012, Ungar, 2008).

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á að börn sem hafa komist í gegnum erfiðleika með seiglu hafa ákveðin sameiginleg einkenni. Eitt það mikilvægasta er sjálfsagi (Zolkoski og Bullock, 2012), en þessi börn eru einnig meðalgreind, lífleg, fyrirferðarmikil og þrjúsk. Þá eru þau félagslega virk, til dæmis tengt skóla, kirkju eða tómstundum, og hafa ákveðið tengslanet í kringum sig (Boon o.fl., 2012; Boyd og Bee, 2012; Fjállhed, 2009). Einnig eru þau dugleg að grípa þau tækifæri sem þeim standa til boða í umhverfinu og nýta fyrri reynslu til að læra af. Fyrir sum börn sem komist hafa í gegnum erfiðleika með seiglu hefur mótlætið virkað sem hvatning. Vitneskjan um að geta sigrað gegn mótlætinu eykur sjálfstraust þeirra og veitir þeim hvatningu til að halda áfram í stað þess að gefast upp (Zolkoski og Bullock, 2012).

4.2 Samkennd

Hugtakið samkennd (e. compassion) vísar til hæfileika sem einstaklingar geta þróað með sér og má rekja notkun þess til Búddisma allt að 2500 ár aftur í tímann en í Búddatrúnni var lögð áhersla á lækningamátt samkenndar (Neff, 2012). Dalai Lama hélt því fram að hvort sem maður vildi stuðla að eigin eða annarra hamingju ætti maður að tileinka sér samkennd (Gilbert, 2009). Með samkennd er átt við þá dygð að verða snortinn yfir þjáningu einstaklings þar sem ekki er aðeins um eiginlega vorkunn að ræða heldur vaknar einnig sterk löngun til að koma viðkomandi einstaklingi til hjálpar. Sá sem upplifir samkennd gagnvart einhverjum viðurkennir vanda hans, setur sig í spor hans, öðlast skilning á líðan hans og tilfinningum, og gerir sér grein fyrir persónulegri þýðingu erfiðleikanna fyrir líf hans. Við þessa upplifun vakna tilfinningar, eins og vinsemd, gaumgæfni og skilningur, sem leiða til þess að einstaklingurinn upplifir þörf til að bæta aðstæður þess sem þjáist (Gilbert, 2009; Neff, 2012).

Prófessorinn Kristin Neff skilgreindi hugtakið (e. self-compassion) sem samkennd sem beinist að einstaklingnum sjálfum. Með því á hún við að einstaklingurinn tileinki sér jákvæðan hugsunarhátt og sýni eigin aðstæðum skilning þegar hann þjáist, finnst hann hafa mistekist eða finnur til vanmáttar, í stað þess að einblína á sjálfsgagnrýni og neikvæða hugsun (Neff, 2012). Sá hugsunarháttur sem einkennist af samkennd gerir ráð fyrir því að enginn sé fullkominn og að ekki sé hjá því komist að upplifa erfiðleika í lífinu. Því sé mikilvægt að við slíkar aðstæður haldi maður ró sinni og hugi að sjálfum sér í stað þess að gagnrýna sjálfan sig. Það að vera meðvitaður um að öllum geti orðið á mistök í lífinu er mikilvægt til að draga úr eigin vanmætti (Neff og McGehee, 2010). Til að geta leyst úr vanda okkar er nauðsynlegt að vera meðvitaður um aðstæður og viðurkenna galla okkar og vandamál án þess að dæma okkur. Samkvæmt Neff eru tengsl milli samkenndar og andlegrar vellíðanar. Við erfiðar aðstæður telur hún jákvæðar tilfinningar og uppbyggjandi hugsun gagnvart sjálfum okkur, í stað sjálfsgagnrýni, grundvallaratriði til að draga úr þjáningu og koma í veg fyrir að hinar erfiðu aðstæður og mótlæti valdi einstaklingnum skaða (Neff, 2012). Rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar einstaklingar sem tileinka sér samkennd gagnvart sjálfum sér upplifa mótlæti og streitu mælast þeir með lægra magn af kortisónhormóni en þeir sem ekki tileinka sér hugarfarið. Einnig glíma þeir síður við sálræn vandamál eins og þunglyndi og kvíða (Neff og Germer, 2012).

Unglingsárin eru sérlega viðkvæmt og mikilvægt tímabil varðandi mótun persónuleikans, en algengt er að þau einkennist af tilfinningalegum vandamálum sem oft má

rekja til lélegs sjálfsmats. Á þessu mótunartímabili er algengt að unglingurinn upplifi pressu og álag, til að mynda vegna árangurs í námi, félagslegrar stöðu eða áhuga frá hinu kyninu. Slík pressa er líkleg til að hafa áhrif á sjálfsmat unglingsins og getur í vissum tilfellum leitt af sér geðræn vandamál eins og kvíða og þunglyndi (Neff og McGehee, 2010). Til að auðvelda unglingum að ná tökum á lágu sjálfsmati og þeim erfiðleikum sem því fylgir hefur Neff bent á mikilvægi þess að unglingar temji sér samkennd gagnvart sjálfum sér. Getur sá hugsunarháttur stuðlað að seiglu (Neff, 2012).

Neff segir samkennd samanstanda af þremur þáttum. Má þar fyrst nefna vinsemd gagnvart sjálfum sér, en í því felst að einstaklingurinn sýni sjálfum sér aðgát og skilning í stað gagnrýni. Í öðru lagi felst samkennd í þeirri vitneskju að enginn sé fullkominn og að öllum verði á að gera mistök í lífinu. Sú vitneskja kemur í veg fyrir að einstaklingurinn upplifi sig einan sem ófullkominn en alla aðra fullkomna. Þriðji þátturinn er svo gjörhygli (e. mindfulness), en það er ákveðinn eiginleiki sem snýr að því að beina athyglinni að núinu á opinn og virkan hátt. Áhersla er lögð á að veita líðandi stund athygli, vera meðvituð um okkur sjálf og huga að eigin líkama, sál, tilfinningum og líðan. Það að þróa með sér meðvitund um líðandi stund án þess að leggja mat á það færir manni mikilvægan ávinning í formi aukinnar hamingju og minni streitu (Gilbert, 2009; Neff og McGehee, 2010).

Örugg tengslamyndun í frumbersku er talin mikilvæg til að geta tileinkað sér samkennd. Paul Gilbert, prófessor í sálfræði, er frumkvöðull að svokallaðri samkenndarmeðferð (e. compassion focused therapy). Meðferðin hefur þróast út frá hugmyndafræði Búddisma, taugavísindum og þroska-, þróunar- og félagssálfræði. Með henni er einstaklingnum kennt að vinna úr fyrri reynslu með því að tileinka sér hugarfarið og þjálfa upp samkennd. Meðferðin er aðallega hugsuð til að vinna með einstaklinga sem glíma við skömm, þunglyndi, sektarkennd og sjálfsgagnrýni. Algengt er að rekja megi þessi sálrænu vandamál til mótlætis í æsku. Meðferðin snýst um að ná valdi yfir eigin tilfinningum, hugsunum og hegðun, þá aðallega gagnvart því sem snýr að einstaklingnum sjálfum (Gilbert, 2009).

Niðurstöður

Markmiðið með þessum skrifum var að kanna hvers vegna sum börn sem alist hafa upp við mótlæti ná að spjara sig á meðan önnur börn sem alast upp við sömu aðstæður hljóta skaða af. Sé litið á niðurstöður út frá fyrri rannsóknarspurningunni – hvað er það sem gerir það að verkum að sum börn sem alast upp við mótlæti spjara sig – má sjá að um er að ræða samspil einstaklingsbundinna og umhverfistengdra þátta.

Niðurstöður rannsókna sýndu að ákveðin persónuleikaeinkenni voru áberandi hjá þeim sem náðu að spjara sig og flokkuðust þau því sem varnarþættir. Sem dæmi má nefna að þau eru meðalgreind, jákvæð, þrjósk, með sjálfsgaga og gjarnan fyrirferðarmeiri en önnur börn. Þau eru félagslega virk, taka þátt í tómstundum, eru almennt jákvæð gagnvart því að taka þátt í því sem samfélagið hefur upp á að bjóða og eru með virkt tengslanet í kringum sig. Í vissum tilfellum gat mótlætið virkað sem hvatning á börnin og það að sigrast á því hafði jákvæð áhrif á sjálfsmýnd þeirra. Þar sem algengt var að börnin væru félagslega virk og þau voru oft í góðum tengslum við kennara eða þjálfara virkuðu þau tengsl sem hvatning fyrir þau. Þetta voru jafnvel einu aðilarnir sem hrósuðu og hvöttu börnin áfram. Þeir umhverfistengdu varnarþættir sem reynst hafa börnum vel eru stuðningur frá utanaðkomandi, til dæmis kennara, þjálfara eða nágranna. Hafa þessir einstaklingar sinnt nokkurskonar staðgenglahlutverki fyrir foreldra barnanna og hafa veitt börnunum skilning, ást og hlýju sem foreldrarnir voru ekki færir um að veita.

Hvað áhættuþættina varðar er algengt að umhverfisþættir ýti undir erfðafræðilega þætti. Einn áhættuþáttur er ekki líklegur til að valda skaða en því fleiri sem þeir eru og því lengur sem þeir standa yfir því meiri eru líkurnar á að skaði hljótist af. Einnig geta undirliggjandi þættir haft áhrif á virkni áhættuþátta. Þegar skaði hlýst af er algengt að um samspil fleiri áhættuþátta sé að ræða. Sem dæmi má nefna að drengur með lága greindarvísitölu sem elst upp við alkóhólisma, fátækt og vanrækslu er mun líklegri til að hljóta alvarlegan skaða en stúlka sem elst upp við fátækt. Þarna er um samspil ólíkra þátta að ræða. Þessa ályktun má draga þar sem drengir eru almennt í meiri áhættu en stúlkur, það að vera undir meðalgreind telst sem áhættuþáttur barns og síðan eru alkóhólismi, fátækt og vanræksla áhættuþættir tengdir foreldrum og umhverfi, en allir þessir áhættuþættir styrkja hver annan og auka þar með líkur á að skaði hljótist af.

Auk varnarþátta skiptir seigla miklu máli, en einnig getur það að tileinka sér hugsunarhátt samkenndar auðveldað börnum og fullorðnum að spjara sig gegn mótlæti. Þessi atriði hafa öll áhrif á hve mikill skaði hlýst af áhættuþáttum. Seigla hefur reynst mörgum einstaklingum vel í baráttunni gegn mótlæti, en eins og fram kom í rannsóknum Ungars, Rutters, Bekkhus og fleiri eru persónuleiki, tengslamyndun og samfélagslegar þjargir grundvallaratriði varðandi seiglu. Þá skiptir máttur hugarfarsins miklu máli ef sigra á mótlæti. Skömm og lágt sjálfsmat einkennir oft hugarfar barna sem alast upp við mótlæti og hefur jákvætt hugarfar og samkennd komið að góðum notum gegn því. Það að tileinka sér jákvæðar tilfinningar og uppbyggjandi hugsun gagnvart sjálfum sér, í stað sjálfsgagnrýni, við erfiðar aðstæður er mikilvægt til að draga úr þjáningu og koma í veg fyrir skaða.

Samkvæmt niðurstöðum má sjá að örugg tilfinningatengsl í frumbersku teljast vera ein af grundvallarforsendum þess að barn sem alist hefur upp við mótlæti ná að spjara sig. Þau börn sem myndað höfðu örugg tilfinningatengsl í frumbersku voru betur í stakk búin til að spjara sig gegn mótlæti en þau börn sem farið höfðu á mis við tilfinningatengsl við foreldra. Þó svo að tilfinningatengsl við umönnunaraðila rofnuðu síðar reyndist sá grunnur skipta miklu máli varðandi síðari tilfinningatengsl, þroska og mótun persónuleikans. Tilfinningatengsl reyndust einnig vera grundvallaratriði varðandi seiglu og það að tileinka sér samkennd. Því færri sem áhættuþættir eru í lífi barns og því skemur sem þeir standa yfir því meiri eru líkurnar á að barnið ná að spjara sig.

Þegar litið er á síðari rannsóknarspurninguna – hver er máttur samfélagsins - hvaða áhrif geta íbúar samfélagsins haft á það hvort börn sem alast upp við mótlæti ná að spjara sig – er ljóst að máttur samfélagsins er mikill varðandi þróun mála. Á það í raun við um samfélagið í heild og alla sem umgangast börn. Eins og niðurstöður rannsókna Furmans og fleiri sýndu leituðu börn sem ekki fengu ástúð, hvatningu og stuðning frá foreldrum til einstaklinga utan heimilis, til dæmis kennara eða nágranna. Sá félagslegi stuðningur sem börnin fengu reyndist þeim afar mikilvægur. Vakni til dæmis grunur hjá kennara um að barn búi við mótlæti er mikilvægt að strax sé gripið inn í. Í starfi sínu ber félagsráðgjöfum að vera vakandi gagnvart börnum sem alast upp við mótlæti og veita þeim og fjölskyldum þeirra viðhlítandi aðstoð. Sú aðstoð getur skipt sköpum varðandi þróun mála. Með því að beita snemmtækri íhlutun er hægt að fyrirbyggja eða draga úr mögulegum skaða.

Stimplunarkenningin sýnir einnig fram á hve áhrif og máttur samfélagsins er mikill. Hvernig samfélagið kemur fram við einstakling getur haft mikil áhrif á líf hans og kallað fram

ákveðna hegðun eða viðbrögð. Stimplunarkenningin snýr að ábyrgð samfélagsins, en samkvæmt henni geta íbúar samfélagsins valdið miklum skaða og jafnvel orsakað eða viðhaldið rangri hegðun. Því er ljóst að íbúar samfélagsins geta valdið barni miklum skaða bæði með áhugaleysi og með stimplun, jafnvel meiri skaða en barnið hefði annars hlotið. Auk þess kemur það í hlut samfélagsins að grípa inn í leiki grunur á að barn búi við misbrest eða mótlæti, en með því að grípa inn í og beita snemmtækri íhlutun er mögulegt að koma í veg fyrir eða draga úr skaða. Máttur samfélagsins getur gefið barni sem elst upp við mótlæti von um bjarta framtíð.

Umræður

Ljóst er að héraendis býr fjöldi barna við óæskilegar uppeldisaðstæður og til að stuðla að því að sem flest þessara barna eigi sér bjarta framtíð þarf bæði fagfólk og almenningur að huga að þeim og velferð þeirra.

Eins og fram kemur í niðurstöðum hefur samspil erfða og umhverfis mikið að segja um það hvernig barn bregst við mótlæti. Áhugavert væri að kanna hvor þátturinn vegur þyngra, erfðir eða umhverfi, eða hvort þeir séu jafn áhrifamiklir.

Hinsvegar getur samfélagið gert ýmislegt til að veita börnunum stuðning. Það eru ekkir allir foreldrar færir um að sinna foreldrahlutverkinu sem skyldi og því ber samfélaginu að vera vakandi gagnvart velferð barnanna. Mikilvægt er að vekja alla þá sem starfa með og umgangast börn til umhugsunar um málefnið og gera þeim grein fyrir hve mikil áhrif þeir geta haft á líf barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður. Varðar það bæði tengsl og stuðning við börnin sem og möguleika á að bregðast við erfiðleikum, grípa strax inni og veita viðeigandi úrræði.

Ábyrgð félagsráðgjafa er mikil. Í starfi sínu mæta þeir fjölda barna og foreldra og þurfa þeir ávallt að vera vakandi gagnvart börnum sem talin eru í aukinni hættu á að verða fyrir skaða vegna heimilisaðstæðna. Heildarsýn félagsráðgjafans getur nýst einstaklega vel til að aðstoða börn sem alast upp við mótlæti og því er mikilvægt að þeir séu vakandi í starfi sínu gagnvart börnum sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu.

Þá ættu stjórnvöld að leggja aukna áherslu á foreldrahæfni í samfélaginu, vekja athygli á að foreldrum beri ávallt að hafa velferð barnanna í fyrirrúmi og sjá til þess að veita foreldrunum nauðsynlegan stuðning.

Þar sem velgengi í tómsundum telst verndandi þáttur í lífi barna er mikilvægt að öllum börnum standi tómsundastarf til boða og að þau séu hvött til að stunda það. Miðað við nýtingu frístundastyrks á meðal þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík má áætla að börn þeirra stundi síður tómsundir en önnur börn.

Til að styrkja börn andlega, stuðla að betri sjálfsmynd þeirra og undirbúa þau fyrir lífið ætti að þjálfna samkennd í grunnskólum landsins. Með því að tileinka sér það jákvæða hugarfar eru börnin betur í stakk búin til að takast á við allt mótlæti í lífinu.

Einnig þarf almenningur að vera meðvitaður um hve mikil áhrif hann hefur, bæði varðandi stuðning en ekki síst í sambandi við stimplun. Það hvernig við komum fram og

meðhöndlum náungann getur haft mikil áhrif á líðan hans. Mikið er rætt um einelti í skólum en stimplun eins og Goffman setur hana fram er ekki svo frábrugðin einelti. Hvaða áhrif hefur það til dæmis á lítið barn í þorpi úti á landi að vera dóttir hennar Gunnu alka eða Nonna geðveika?

Þó er það alveg ljóst að öll börn eiga því miður ekki sömu möguleika í lífinu en með því að leggja áherslu á það sem fer vel getur það virkað sem hvatning fyrir aðra einstaklinga sem eru í sömu sporum.

Heimildir

- Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX: Félagsvísindadeild* (bls. 357-368). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Barnaverndarstofa. (e.d.). *Skilgreiningar og flokkun á misbresti í umönnun og uppeldisskilyrðum barna: ofbeldi og vanræksla*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008-2011*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnaverndarstofa. (2013). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2011 og 2012*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Bekkhus, M. (2012). Familirisiko og atferðsvansker; ársak og virkning. *Psykologi i kommunen*, 47(2), 3-8.
- Berk, L. E. (2009). *Child development*. Boston: Pearson.
- Björg Karlsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir og Sveinbjörg J. Svavarsdóttir. (2006). Geðheilbrigði og félagsleg tengsl. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 172-182). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Blumer, D. (2002). The illness of Vincent van Gogh. *The American journal of psychiatry*, 159(4), 519-26.
- Boon, H. J., Cottrell, A., King, D., Stevenson, R. B. og Millar, J. (2012). Bronfenbrenner's bioecological theory for modelling community resilience to natural disasters. *Natural Hazards*, 60(2), 381-408. Sótt þann 14. mars 2013 af doi: <http://dx.doi.org/10.1007/s11069-011-0021-4>
- Bowlby, J. (1988). Developmental psychiatry comes of age. *The American Journal of Psychiatry*, 145(1), 1-10. Sótt þann 25. janúar 2013 af <http://search.proquest.com/docview/220490225?accountid=135943>
- Boyd, D. og Bee, H. (2012). *The developing child*. Boston: Pearson.
- Costello, E., Compton, S. N., Keeler, G. og Angold, A. (2003). Relationships between poverty and psychopathology: A natural experiment. *JAMA*, 290(15), 2023-2029. Sótt þann 12. febrúar 2013 af doi:10.1001/jama.290.15.2023

- Daniel, B. (2006). Operationalizing the concept of resilience in child neglect: case study research. *Child, care, health and development*, 32(3), 303-309.
- Daniel, B. (2010). Concept of adversity, risk, vulnerability and resilience: A discussion in the context of the child protection system. *Social policy & society*, 9(2), 231-241. Sótt þann 28. febrúar 2013 af doi:10.1017/1474746409990364
- European Commission. (2012). *Parenting Support Policy Brief*. Sótt þann 26. febrúar 2013 af http://europa.eu/familyalliance/studies-reports/docs/eaf_policy_brief_-_parenting_support_final_version.pdf
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2010). *Þjónusta sveitarfélaga við börn og barnafjölskyldur*. Reykjavík: Velferðarvaktin.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt þann 20. mars 2013 af http://www.felagsradgjof.is/Stjorn/Sidareglur_islenskra_felagsradgjafa/
- Fjällhed, A. (2009). *Flyktingskapets situation och möjlighet: Colombianska flyktningbarn i Venezuela och Sverige*. Stokkhólmur: Stockholms Universitet.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2000). Ófullnægjandi umönnun og uppeldisskilyrði barna: Ofbeldi og vanræksla. *Uppeldi*, 13(4), 50-53.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum IV: Félagsvísindadeild*. (bls. 181-189). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum V: Félagsvísindadeild* (bls. 315-324). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Furman, B. (2002). *Det är aldrig för sent att få en lycklig barndom*. Stokkhólmur: Bokförlaget Natur och Kultur.
- Geir Gunnlaugsson og Jónína Einarsdóttir. (2010). Að hemja hundrað flær á hörðu skinni... Ofbeldi og refsingar barna. *Þjóðarspejillinn 2010*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gilbert, P. (2009). Introducing compassion focused therapy. *Advances in psychiatric treatment*, 15, 199-208. Sótt þann 19. febrúar 2013 af <http://apt.rcpsych.org/content/15/3/199.full>
- Gladstone, B. M., Boydell, K. M. og Mckeever, P. (2006). Recasting research into children's experiences of parental mental illness: beyond risk and resilience. *Social science & medicine*, 62(10), 2540-2550.
- Goffman, E. (1975). *Stigma*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.

- Gordon, T. (2011). *Samskipti foreldra og barna. Að ala upp ábyrga æsku*. (Ingi Karl Jóhannesson þýddi). Reykjavík: Iðnú. (Upphaflega útgefið 1987).
- Guðrún Elva Arinbjarnardóttir. (2011). Skólafélagsráðgjöf. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 1(5), 44-45.
- Hagstofa Íslands. (2012a). *Atvinnulausir eftir lengd atvinnuleitar 2003-2012*. Sótt þann 22. janúar 2013 af Talnaefni » Laun, tekjur og vinnumarkaður » PX eða <http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01106%26ti=Atvinnulausir+eftir+lengd+atvinnuleitar+2003%2D2012+++%26path=../Database/vinnumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/Hlutfall>
- Hagstofa Íslands. (2012b). *Laun, tekjur og vinnumarkaður*. Íslensk Hagtíðindi. Sótt 4. febrúar 2013 af <http://www.static.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13784>
- Hanna Björg Sigurðardóttir. (2006). Valdefling. Glíma við margrætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlan hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 66-79). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Gunnar Bernburg. (2005). Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmýnd: nokkur grunduð hugtök um reynslu brotamanna af stimplun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI: Félagsvísindadeild* (bls. 111-121). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands.
- Jóna G. Ingólfssdóttir. (2008). Íhlutun fyrstu árin. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Proskahömlun barna. Orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 126-133). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lagerberg, D. og Sundelin, C. (2000). *Risk och prognos i socialt arbete med barn. Forskningsmetoder och resultat*. Stokkhólmur: Förlagshuset Gothia AB.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Liebenberg, L., Ungar, M. og Van de Vijver, F. (2012). Validation of the child and youth resilience measure-28 (CYRM-28) among Canadian youth. *Research on Social Work Practice*, 22, 219-226. Sótt þann 27. febrúar 2013 af <http://rsw.sagepub.com/content/early/2011/11/22/1049731511428619>
- Maskrosbarn.org. (2012). *Frágar man inget får man inget veta*. Sótt þann 20. janúar 2013 af <http://www.maskrosbarn.org/wp-content/uploads/2012/03/L%C3%A5ng-version-Rapporten.pdf>
- McGloin, J. M. og Widom, C. S. (2001). Resilience among abused and neglected children grown up. *Development and Psychopathology*, 13(4), 1021-38. Sótt þann 15. febrúar 2013 af <http://search.proquest.com/docview/201694502?accountid=135943>

- Moe, J., Johnson, J. L. og Wade, W. (2007). Resilience in children of substance users: In their own words. *Substance use & Misuse*, 42(2), 381-398. Sótt þann 20. janúar 2013 af doi: <http://dx.doi.org/10.1080/10826080601142147>
- Mohaupt, H. (2010). Barn av rusmisbrukare – drøfting av sentrale risikofaktorer. *Tidsskrift for Norsk Psykologforening*, 47(5), 408-414.
- Neff, K. D. (2012). The science of self-compassion. Í C. Germer og R. Siegel (ritstjórar), *Compassion wisdom in Psychotherapy* (bls. 79-92). New York: Guilford Press.
- Neff, K. D. og McGehee, P. (2010). Self-compassion and psychological resilience among adolescents and young adults. *Self and Identity*, 9, 225-240. Sótt þann 26. febrúar 2013 af <http://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/15298860902979307>
- Neff, K. D. og Germer, C. K. (2012). A pilot study and randomized controlled trial of the mindful self-compassion program. *Journal of clinical psychology*, 00(00), 1-17. Sótt þann 1. mars 2013 af doi:10.1002/jclp.21923
- Norman, R. E., Byambaa, M., De, R., Butchart, A. og Vos, T. (2012). The longterm health consequences of child physical abuse, emotional abuse, and neglect: A systematic review and metaanalysis. *PLoS Medicine*, 9(11), 1-30. Sótt þann 20. febrúar 2013 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC3507962/>
- Reykjavíkurborg Leikskólasvið. (2009). *Sérkennslustefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Rutter, M. (2007). Resilience, competence and coping. *Child abuse & neglect*, 31(3), 205-209. Sótt þann 19. janúar 2013 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0145213407000452>
- Rutter, M. (2009). Understanding and testing risk mechanisms for mental disorders. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 50, 44-52. Sótt þann 31. janúar 2013 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1469-7610.2008.01976.x/full>
- Swick, K. J. og Williams, R. D. (2006). An analysis of Bronfenbrenner's bio-ecological perspective for early childhood educators: Implications for working with families experiencing stress. *Early childhood education journal*, 33(5), 371-378. Sótt þann 18. febrúar 2013 af doi:10.1007/s10643-006-0078-y
- Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun - yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Þroskahömlun barna. Orsakir – eðli – íhlutun*. (bls. 119-125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ungar, M. (2005). Resilience among children in child welfare, corrections, mental health and educational settings: Recommendations for service. *Child & Youth Care Forum*, 34(6), 445-464. Sótt þann 28. janúar 2013 af doi: <http://dx.doi.org/10.1007/s10566-005-7756-6>

- Ungar, M. (2006). Nurturing hidden resilience in at-risk youth in different cultures. *Journal of the Canadian academy of child and adolescent psychiatry*, 15(2), 53-58. Sótt þann 14. febrúar 2013 af <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2277285/>
- Ungar, M. (2008). Resilience across cultures. *British Journal of Social Work*, 38(2), 218-235. Sótt þann 15. febrúar 2013 af <http://bjsw.oxfordjournals.org/content/38/2/218.full.pdf+html>
- Unicef. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*. Reykjavík: Unicef á Íslandi.
- Zolkoski, S. og Bullock L. M. (2012). Resilience in children and youth: A review. *Children and youth services review*, 34(12), 2295-2303. Sótt 5. febrúar 2013 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0190740912003337>
- Þingskjal 1222. (2012-2013). *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014*. Sótt þann 16. mars 2013 af <http://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/1222.pdf>
- Þóroddur Bjarnason. (2006). *Heilsa og lífskjör skólanema á Vesturlöndum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þroska- og hegðunarstöð. (e.d.). *ADHD Samræmd meðferð Þroska- og hegðunarstöðvar*. Sótt þann 19. mars 2013 af <http://www.heilsugaeslan.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4511>
- Þroska- og hegðunarstöð. (2009). *Þroska- og hegðunarstöð – Viðfangsefni og markmið*. Sótt þann 19. mars 2013 af <http://www.heilsugaeslan.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4528>